

JÓHANNA KATRÍN FRIÐRIKSDÓTTIR  
HAUKUR ÞORGEIRSSON

## HRÓLFS RÍMUR GAUTREKSSONAR

*HRÓLFS RÍMUR* Gautrekssonar eru fimm talsins, alls 263 vísur, ortar út frá síðari hluta fornaldarsögunnar *Hrólfs sögu Gautrekssonar*. Segja þær frá ævintýrum söguhetjunnar, konungs í Svíþjóð, og manna hans, einkum Þóris járnskjaldar, á Englandi og Írlandi. Gera má því skóna að sagan hafi verið gríðarlega vinsæl í gegnum aldirnar enda hafa um 66 handrit og handritabrot hennar varðveist frá um 1300 og til upphafs 20. aldar, þegar handritamenning leið undir lok á Íslandi.<sup>1</sup> Af fornu rímunum er aðeins til eitt handrit, AM 146 a 8vo, þykkt en skaddað rímnahandrit frá fyrri hluta sautjándu aldar. Varðveittir eru fimm yngri rímnaflokkar af Hrólfi Gautrekssyni og má af þeim sjá að frásögnin hefur átt vinsældum að fagna bæði í bundnu máli og óbundnu.<sup>2</sup> Ekki er vitað um höfund elstu rímnanna en málsöguleg rök benda til þess að þær séu ortar um 1500 eins og rakið verður hér. Sagan er varðveitt í tveimur gerðum og þótt frásögnin sé ýmist stytt eða lengd eftir smekk skáldsins og áheyrenda þess má telja líklegt að skáldið hafi ort rímurnar út frá styttri gerðinni.

Finnur Jónsson gaf út stóran hluta af varðveittum miðaldarímum í *Rímnasafni* sínu sem kom út á árunum 1905–22 en *Hrólfs rímur* voru ekki þar á meðal. Í bókmenntasögu sinni greinir Finnur frá því úr hvaða köflum sögunnar efni rímnanna er tekið og nefnir að frásögnin sé ýmist stytt eða

Við viljum þakka Sverri Tómassyni fyrir að deila þekkingu sinni á rímum með okkur. Þær rannsóknir sem niðurstöður Jóhönnu Katrínar snúa að og eru kynntar í þessari grein voru styrktar af People Programme (Marie Curie Actions) í sjöundu rammaáætlun ESB (FP7/2007–2013) sem hluti af samningi nr. 331947 við Evrópska rannsóknarsvæðið (REA).

- 1 *Ordbog over det norrøne prosasprog: Register* (Kaupmannahöfn: Den Arnamagnæanske kommission, 1989), 269–70; Sjá einnig undirsíðu fyrir *Hrólfs sögu Gautrekssonar* á vefnum *Stories for All Times: The Icelandic fornaldarsögur*, fasnl.ku.dk, sótt 31. mars 2015.
- 2 *Rímnatal*, útg. Finnur Sigmundsson (Reykjavík: Rímnafélagið, 1966), 258–61.

*Gripla XXVI (2015): 81–137*

lengd en hann fer ekki út í frekari samanburð.<sup>3</sup> Björn Karel Þórólfsson rannsakaði rímurnar og birti um þær umfjöllun í riti sínu um rímur fyrir 1600 en að öðru leyti hafa fræðimenn lítið sem ekkert fjallað um þær enda voru þær óprentaðar.<sup>4</sup> Áhugi á bókmenntum síðmiðalda hefur aukist umtalsvert síðustu ár og er þessi útgáfa ætluð til að gera *Hrólf's rímur* aðgengilegar fræðimönnum og öðrum auk þess að hvetja til rannsókna á rímnakveðskap. Fjallað er um handrit, aldur og bragarhætti rímnanna, stíl þeirra og skáldamál, og einnig stuttlega um efni rímnanna og samband þeirra við *Hrólf's sögu Gautrekssonar*. Að lokum eru rímurnar gefnar út eftir AM 146 a 8vo ásamt skýringum.

## 1. Handrit

Eina handrit rímnanna er handritið AM 146 a 8vo sem skrifað var af Jóni Finnssyni í Flatey á Breiðafirði á fyrri hluta sautjándu aldar; *Hrólf's rímur* eru á síðum 292 til 306. Handritið er þykkt pappírshandrit — rúmlega 400 síður — með fagurri hönd og geymir 23 aðrar rímur af ýmsum toga. Margar þeirra eru í sama dúr og segja frá persónum sem einnig eru þekktar úr fornaldar- og riddarasögum, aðrar fjalla um kristilegt efni en einnig finnast í því fábyljur á borð við *Skógar-Krists rímur*.<sup>5</sup> Sumar rímnanna eru eftir nafngreind rímnaskáld en aðrar eru nafnlausar, *Hrólf's rímur* þar á meðal. Handritið er nokkuð skaddað og blöð vantar í það en *Hrólf's rímur* eru heilar. Á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er til stafrétt uppskrift rímnanna eftir 146 og er hún með hendi Gríms Helgasonar (1927–89). Aðrar uppskriftir eru ekki kunnar.

Samkvæmt seðli Árna Magnússonar fékk hann handritið í hendur í Flatey árið 1703 frá Lofti Jónssyni.<sup>6</sup> Á síðmiðöldum bendir ýmislegt til þess, að rímnahefðin hafi verið sterk á Norðvesturlandi, þ.e. á Vestfjörðum

3 Finnur Jónsson, *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie*, 3. b., 2. útg. (Kaupmannahöfn: Gad, 1924), 814; á bls. 137 minnst Finnur einnig á rímurnar í upptalningu.

4 Björn Karel Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, Safn Fræðafélagsins, 9. b. (Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1934), sjá einkum 414–15. Jón Þorkelsson minnst á rímurnar í upptalningu á kvæðum frá 15. og 16. öld en megininntak skrifa hans er að þær séu e.t.v. eldri en frá 16. öld, sjá *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede* (Kaupmannahöfn: Høst, 1888), 153.

5 Sverrir Tómasson hefur skilgreint *Skógar-Krists rímur* sem fábylju, sjá „Rímur og aðrar vestfirskar bókmenntir á síðmiðöldum“, *Árbók Sögufélags Ísfirðinga* 43 (2003):164–69.

6 Sjá skráningu AM 146 a 8vo á *Handrit.is*, sótt 31. mars 2015.

og í kringum Breiðafjörð. Eins og Sverrir Tómasson hefur rakið eiga helstu rímnahandrit sextánda aldar uppruna sinn þar, einkum í Dalasýslu, og tengjast þau efnafólki í efstu þrepum virðingarstigans.<sup>7</sup> Söguhetja *Skíðarímu* flakkar til að mynda á milli stórbýla í Dölunum og á Snæfellsnesi en Skarðverjar (og aðrir á þeirra áhrifasvæði) gætu hafa lagt rækt við rímnahefðina og fengið rímnaskáld til að yrkja fyrir sig.<sup>8</sup> Ekki þarf því að koma á óvart að 146 eigi ættir sínar að rekja til Flateyjar enda voru oftan en ekki sterk tengsl þaðan til stórbýla við Breiðafjörð sem og til annálaðra bókgæðarmanna.<sup>9</sup>

Útgáfa Finns Jónssonar á miðaldarímum byggist að mestu á sex handritum, skinnbókum frá miðbiki sextánda aldar auk *Flateyjarbókar*, en pappírshandrit voru notuð þegar ekki voru önnur til staðar.<sup>10</sup> Finnur notaðist lítið við AM 146 a 8vo enda geymir það handrit fáar af hinum elstu rímum. Ólafur Halldórsson notar handritið hins vegar í útgáfum sínum á *Vilmundar rímum viðutan* og *Bósa rímum* og fjallar í inngöngum þeirra um tengsl handritsins við *Staðarhólsbók* (AM 604 4to). Ólafur telur líklegt en þó ekki fullsannað að texti 146 (sem hann kallar F<sup>2</sup>) af *Vilmundar rímum* sé runninn frá *Staðarhólsbók*.<sup>11</sup> Björn Karel Þórólfsson var sama sinnis um

- 7 Sverrir Tómasson, „Hlutverk rímna í íslensku samfélagi á síðari hluta miðalda,“ *Ritið* 5 (2005):77–94; sjá einnig Sverrir Tómasson, „Rímur og aðrar vestfirskar bókmenntir,“ 162–69. Aðalheiður Guðmundsdóttir telur líklegt að *Vargstökur* séu ortar á Vestfjörðum og jafnvel fyrir áheyrendur í verbúð þótt hún slái vissulega alla varnagla við þeirri kenningu, sjá inngang að *Úlfhams sögu*, Rit, 53. b. (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2001), xxiii–xxiv.
- 8 Björn Karel Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, 386–88; Sverrir Tómasson, „Strákligr líz mér Skíði.‘ Skíðaríma – íslenskur föstuleikur?“ *Skírnir* 174 (2007):305–20, endurpr. í ritgerðasafni hans *Tækileg vitni: Greinar um bókmenntir í tilefni sjötugsafmælis hans* (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og Hið íslenska bókmenntafélag, 2011), 381–96, sjá einkum 393. Í þessu sambandi má nefna að skáldamál rímna og eddufræði þeirra eiga mikið sameiginlegt með dróttkvæðahefðinni en á 13. öld lögðu helstu höfðingjar Norður- og Vesturlands sérstaka rækt við dróttkvæði, sjá Guðrún Nordal, *Tools of Literacy: The Role of Skaldic Verse in Icelandic Textual Culture of the Twelfth and Thirteenth Centuries* (Toronto: University of Toronto Press, 2001), 133–41.
- 9 Svanhildur Óskarsdóttir, „Flateyjarbækur: Af Guðrúnu Ögmundsdóttur og öðrum bókavinum Árna Magnússonar í Flatey,“ í Rósa Þorsteinsdóttir, ritstj., *Handritasyrpa: Rit til heiðurs Sigurgeiri Steingrímssyni sjötugum 2. október 2013*, Rit, 88. b. (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2014), 65–83.
- 10 Finnur Jónsson, inngangur að *Rímnasafni: Samling af de ældste islandske rimer*, 1. b. (Kaupmannahöfn: Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, 1905–12), iii.
- 11 Ólafur Halldórsson, inngangur að *Vilmundar rímum viðutan*, Íslenskar miðaldarímur, 4. b., Rit, 6. b. (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1975), 8–12.

*Vilmundar rímur* og taldi hann að það væri eini textinn í 146 sem runninn væri frá *Staðarhólsbók*. Hann taldi að *Skógar-Krists rímur* væru runnar frá *Selskinnu* (AM 605 4to), *Andra rímur* frá Sth. Perg. 23 4to, *Bærings rímur*, *Rollants rímur af Ferakutsþætti* og *Egils rímur einhenda* væru runnar frá *Krossnessbók* (Sth. Perg. 22 4to) og loks væru *Ormars rímur* og *Konráðs rímur* úr *Kollsbók* (Wolfenbüttel, Cod. Guelf. 42. 7. Aug. 4to). Aðrar gamlar rímur í 146 taldi Björn ekki runnar frá varðveittum handritum.<sup>12</sup> Líklegt má því virðast að Jón Finnsson hafi víða leitað fanga þegar hann setti saman bókina.

## 2. Aldur

Ef marka má fyrri rannsóknir á rímum skiptast þær sem eru í 146 þannig eftir aldri að sjö rímnaflokkar eru frá 17. öld, fjórtán frá 16. öld og fjórir frá því fyrir 1500. Finnur Jónsson taldi *Hrólfs rímur* frá tímabilinu 1450–1550.<sup>13</sup> Björn Karel Þórólfsson raðaði öllum rímum fyrir 1600 í afstæða tímaröð en nefndi fá ártöl. Hann skipaði *Hrólfs rímum* á tímabilið milli *Vilmundar rímna* Orms og þeirra rímna sem hann taldi réttilega eignaðar Sigurði blind.<sup>14</sup> *Vilmundar rímur* taldi Björn (ranglega) ortar fyrir 1464 en Sigurður blindur á að hafa verið á dögum á fyrri hluta 16. aldar. Í aldursröðun Hauks Þorgeirssonar er *Hrólfs rímum* skipað til sætis á tímabilinu 1500–1550.<sup>15</sup> Í engu þessara verka er að finna neinn rökstuðning sem orð er á gerandi fyrir þessum tímasetningum.

*Hrólfs rímur* verða aðeins tímasettar eftir innri rökum og þá helst eftir málfræðilegum, bragfræðilegum og stílfræðilegum samanburði við aðrar rímur. Hér verða tínd saman nokkur málsöguleg einkenni sem gefa hugmynd um aldur rímnaflokksins.

Fyrst má nefna að í *Hrólfs rímum* er nokkrum sinnum rímað saman *é* og *e* og sýnir það að rímurnar eru ekki meðal þeirra allra elstu.

Rímorð í *Hrólfs rímum* fara eftir fornum reglum um hljóðdvöl og at-

12 Björn Karel Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, 10. Haukur Þorgeirsson hefur seinna rökstutt að texti 146 af *Ormars rímum* sé ekki runninn frá *Kollsbók*. Haukur Þorgeirsson, *Hljóðkerfi og bragkerfi: Stodhljóð, tónkvæði og önnur úrlausnarefni í íslenskri bragsögu ásamt útgáfu á rímum af Ormari Fraðmarssyni* (doktorsritgerð, Háskóli Íslands, 2013), 271–75.

13 Finnur Jónsson, *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie*, 3:137.

14 Björn Karel Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, 408–40, sjá einkum 414–15.

15 Haukur Þorgeirsson, *Hljóðkerfi og bragkerfi*, 256.

kvæðagerð. Á þessu er þó ein undantekning, vísa I.57, en þar eru orðin *skaptur* og *aftur* notuð í kvenrími þótt þau hafi stoðhljóð. Þetta er sárasjaldgæft í rímum fyrir siðaskipti en önnur dæmi í ferskeyttum vísnum eru drengur – strengur í *Virgiless rímum* I.26, raftur – aftur í *Vilmundar rímum* XIII.36 og skaptur – aftur í *Lokrum* II.9.<sup>16</sup> Það getur varla verið tilviljun að orðið *aftur* kemur fyrir í þremur af þessum fjórum dæmum, hvernig sem á því stendur.

Í *Hrólfs rímum* er tvisvar rímað saman kringt hljóð og ókringt: Frigg – hrygg (I.15) og týna – dvína (I.40). Þetta bendir til að rímurnar séu ortar eftir að þessi hljóð tóku að renna saman á seinni hluta 15. aldar. Hins vegar eru rímurnar varla ortar eftir að breytingin er um garð gengin því að þá mætti búast við miklu fleiri dæmum. Í *Rollants rímum af Ferakutsþetti*, sem taldar eru ortar skömmu eftir siðaskipti og eru álíka langar, eru til sam-  
anburðar um 20 dæmi um slíkar samrímamir.

Um 1500 kemur upp málbreytingin ve > vö og sækir hún mjög í sig veðrið eftir því sem líður á 16. öldina. Elstu rímuðu dæmi um orðmyndir eins og *kvöld* og *hvör* eru í *Ektors rímum*, *Bósa rímum*, *Brönu rímum* og *Þóris rímum háleggs*. En í *Hrólfs rímum* eru eldri myndirnar þráfaldlega notaðar í rími (I.38, II.19, II.37, III.22, III.67, IV.24, V.22) og hinar yngri aldrei.

Í *Hrólfs rímum* er hið forna hljóðasamband *vá* rímað jöfnum höndum við *á* (I.49, II.35, II.54, III.3) og *ó* (I.20, II.35, III.51, IV.17, IV.29). Í rímum frá 16. öld er *ó* mun algengara. Rím við *á* kemur aldrei fyrir í *Króka-Refs rímum*, *Vilmundar rímum*, *Rímum af Þóri hálegg*, *Jarlmanns rímum*, *Þjófa rímum*, *Brönu rímum*, *Skógar-Krists rímum* og aðeins tvisvar í *Bósa rímum*. Samtals hafa þessar rímur tugi dæma um að *vá* rími við *ó* og *o*.

Á heildina litið virðast *Hrólfs rímur* eiga mest sameiginlegt með rímum sem tímasetja má við lok 15. aldar eða upphaf 16. aldar.

### 3. Bragarhættir

Rímurnar fimm eru ortar undir fjölbreyttum bragarháttum: ríma I er ferskeytt (óbreytt), ríma II samhend, ferskeytt framhent kemur fyrir í 1. og 3. vísuorði rímu III, ríma IV er úrkast (mest alstýft) og loks er ríma V braghend (alstýfð).<sup>17</sup>

16 Haukur Þorgeirsson, *Hljóðkerfi og bragkerfi*, 182–83.

17 Björn Karel Þórolfsson, *Rímur fyrir 1600*, 414.

Helstu einkenni þeirra eru endarím og stuðlar í mismunandi samsetningum en í rímu III (og í hluta rímu II) beitir rímnaskáldið fyrir sig inn-rími. Fyrir vikið verður kveðskapurinn nokkuð áreynslumikill og efni rímunnar verður torskildara en í þeim rímum sem bragarhátturinn er einfaldari. Vandséð er t.d. hvað *húrar* í „úrar húrar horn“ (III.31) þýðir en e.t.v. merkir það „að húrra“ eða einhverja sögn í þeim dúr. Að sama skapi er merking orðsins *ofra* í „dofra ofrar darra hljóðs“ (III.30) óljós þótt dæmi séu um að það þýði „að lyfta“. Fleiri dæmi mætti nefna en í skýringum við rímurnar er reynt að greiða úr mörgum þeirra.

Á hinn bóginn hefur endurtekið endarím í hverri línu annarrar rímu sterk áhrif og ljær bardagalýsingunni stígandi og drifkraft. Sem dæmi má nefna að í 28. vísu ríma orð um vopnabrák, *gjalla* og *smella*, við *svella* (hér notað um bardagaheift), orð sem gefur til kynna að eitthvað vaxi eða þrútni, og *falla*, þegar hermenn sem særast og látast í orrustunni falla til jarðar. Þessi fjögur orð eru tengd saman með rími og draga þau í sameiningu fram mynd af ógnvekjandi víkingum í bardagaham sem eykst kraftur eftir því sem „heift“ þeirra „svellur“. Þeir þyrma engum og fella andstæðinga sína með sverðum og örvum sem gefa frá sér snörp hljóð, allt að því eins og vopnin séu lifandi.

Brotnar hlíf en brandrinn gellr,  
biturlig heipt með gumnum svellr,  
hverr um annan firða fellr,  
fleina þytur hjá görpum smellr. (II.28)

Í þessari vísu tengja vopnahljóðin fyrstu og síðastu línu hennar og þannig binda þær saman heildarhugsun hennar.

Í 30. vísu eru áhrifin af endaríminu önnur þar sem fyrstu þrjár línurnar tengjast, en í lok fjórðu línu snýst myndin skarpt við. Rímorðin í fyrstu þremur línunum vísunnar, *snart*, *mart* og *hart*, leggja áherslu á hversu hröð og kröpp orrustan er. Menn Hrólfs ganga fram af krafti, svo hart að vopn þeirra byrja að láta undan álaginu, og mikil spennan færir í leikinn. En síðasta orðið í erindinu, *vart*, stöðvar þessa stigmögnun og gefur til kynna að þrátt fyrir hetjulega baráttu sé á brattann að sækja:

Svíarnir gengu sýnu snart,  
sverðið tók að brotna mart,  
Óðins veður var undra hart,  
ýtar fengu kónginn vart. (II.30)

Skáldinu tekst þannig að vekja upp vonir áheyrenda um sigur Hrólfs (því sjónarhornið er ætíð hans megin) en síðasta orðið kallar fram snögga vendingu, þ.e. efasemdir um að Svíum muni takast ætlunarverk sitt, að sigra Írakonung og her hans.

Í þessum dæmum á bragarhátturinn stóran þátt í að byggja upp áhrifa-mikla frásögn og brugðið er upp sterkum og skýrum myndum af þeim atburðum og persónum sem kveðið er um. Þótt bragarháttur hafi stundum njörvað skáld niður og leitt af sér klunnalegar samsetningar gátu rímnaskáld einnig látið hann undirstrika innihald kvæðisins á hugvitsamlegan hátt.

#### 4. Stíll og skáldamál

Stíll *Hrólfs rímna* er nokkuð misjafn. Á köflum eru rímurnar skýrar og auðskildar og frásögnin flæðir áfram áreynslulaust. Annars staðar á skáldið það til að yrkja nokkuð dýrt á kostnað skýrleika. Mætti velta fyrir sér hvort áheyrendur munu hafa átt auðvelt með að skilja kenningar og skáldamál þar sem á köflum virðist nokkuð langt seilst til að láta bragarháttinn ganga upp. Þetta á sérstaklega við í þriðju rímu eins og tæpt var á hér að framan, og mörg orð hennar virðast vera eindæmaorð svo að kenningarnar og þar með vísurnar í heild verða torskildar. Ýmislegt kann þó að hafa afbakast í munnlegri geymd og/eða handritum.

##### *Kenningar og heiti*

Skáldamál rímna á uppruna sinn í dróttkvæðahefðinni og falla kenningar og heiti *Hrólfs rímna* í grundvallaratriðum að þeirri hefð sem skapaðist hjá rímnaskáldum á síðmiðöldum, en í þessari hefð þróaðist skáldamál að mestu leyti yfir í fastar samsetningar.<sup>18</sup> Flestar kenningar eru einfaldar og formúlukennar og ákvarðast þau orð sem fyrir valinu verða líklega mest

18 Vésteinn Ólason, „Kveðskapur frá síðmiðöldum,“ í Vésteinn Ólason, ritstj., *Íslensk bókmenntasaga*, 2. b., 2. útg. (Reykjavík: Mál og menning, 2006), 331; fyrir yfirlit um helstu einkenni skáldamáls rímnanna, sjá víðar í kafla Vésteins og Björn Karel Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, 86–204.



af stuðlasetningu, en einstaka sinnum birtast hugmyndaríkari kenningar. Hér verður tæpt á algengustu kenningum og heitum en listinn er ekki tæmandi.

Konungsheiti eru *visir, fylkir, rásir, öðlingr, lofðungur, döglingr, hilmir, sjóli, buðlungur, þengill, stillir, milldingr, siklingr, tiggir, gramr, bragningr og niflungur*.

Menn eru *seggir, ýtar, höldar, kappar, lýðir, rekkar, gummar, fyrðar, virðar, bragnar* og *halir*. Mannkenningar eru m.a. *hjørva runnr, laufa Þundr, fleina* eða *seima lundr, lestir lægis báls, beygir fleins, rekka skýfir, randa bjóðr, hreytir spanga nöðru* og *fleygir Rínar glóða*.

Kona er *sprund, snót, drós, víf, fljóð, sprakki, Rindr, þella* og *svanni*. Kvenkenningar eru t.d. *gullas* (gullhlaðs) eða *gullhrings þöll, Rindr ægis branda, hringa frið, hringa grund, falda* eða *laufa* eða þorna Bil, *tvinna lind, veiga skorð, menja laut* eða *skorð, þorna* eða *seima Ná, hringa eik* og *bauga norm*.

Skip eru kölluð *fákur lægis, báru ess, hjörtr þelju, björn flæðar, skeiðar borð, löðursins skýfir, Ægis dýr* og *Ýmis borð* en hafið er *skeljungs frón*.

Heiti eru höfð um ýmis vopn: sverð eru kölluð *hrotti, fleinn, brandr, hjör* og *skjómi*, en spjót er *darri*. Alls kyns kenningar eru fyrir vopn, t.d. eru sverð *hrævar ís, benja síldr, Herjans hyrr, þynjar bál*, og *randa skóð* eða *sól*; spjót er *unda spík*, en skjöldur er *laufa lind, randa sól* og *Fjölnis völlr*. Orrusta er *branda þraut, hjörva morð, hjörva él, stála vindr, fleina dríf, branda göll* og *odda fundr* en blóð er *unda bylgja*.

Margar kenningar vísa í norræna goðafræði og fornar hetjur.<sup>19</sup> Gyðjurnar Frigg (I.15), Bil (I.18, I.31), Rindr (III.9, III.26) og Ná (þ.e., Gná; III.18, III.61) koma fyrir í kenningum um konur, *Rínar glóð* (I.53), *Ægis brandr* (III.26) og *Grímnis auðr* (I.62) fyrir gull, *Fróða brík* (II.24) fyrir skjöld, *Óðins veðr* (II.30), *Fjölnis völlr* (II.40) og *fundr* (II.57), eða *Þundar þeyr* (IV.3) eru kenningar um orrustu; sverð er *Herjans hyrr* (II.36) eða *Þundar eldr* (II.37); skip er *Ægis dýr* (IV.18). Einnig eru nöfn jötnanna Þjassa (III.55), Aurnis (III.55) og Dofra (III.40) heiti fyrir Þóri járnskjöld. Skáldskapurinn sjálfur er *Þundar vín* (IV.1), *Fjölnis vín* (V.1) og *Miðjungs skeið* (II.1) í ávörpum

19 Um þekkingu rímnaskálda á goðsögnum *Eddu* og úrvinnslu á þeim, sjá Sverri Tómasson, „Nýsköpun eða endurtekning? Íslensk skáldmennt og Snorra Edda fram til 1609,“ í Sverrir Tómasson, ritstj., *Gudamjöldur og arnarleir: Safn ritgerða um eddulist* (Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1996), 24–38.



rímnaskáldsins en Sverrir Tómasson kallar slíkar kenningar ritklíf.<sup>20</sup> Kveðskapurinn er einu sinni nefndur *Herjans ferja* (III.25) í miðri rímu.

Einhverjar kenningar bera út af hefðinni og nota orð í óvæntu samhengi. Kerling sú er Hrólfr og Ásmundur hitta á Englandi er kölluð *geymir hjalls* (I.24), sennilega í gamni, en *geymir* virðist aðallega notað um konunga eða karlmenn með her-, vopna- eða gullorðum, t.d. ‚geymir hers/dróttá‘ eða ‚geymir sverða/skjalda‘ og fleira í þeim dúr.<sup>21</sup> Aðrar kenningar eru torskildar eða jafnvel spilltar og eru þær sérstaklega ræddar í skýringum.

### Mansöngur

Enginn mansöngur er í upphafi rímnaflokksins heldur hefst frásögnin um Hrólfr strax í byrjun hans. Fyrir utan eitt tilvik í miðri rímu (III.26) þar sem skáldið virðist ávarpa konu (Gullhlaðs þöll) er lítið um að það ávarpi hlustendur, aðeins hálf til ein vísa í byrjun og lok hvernar rímu. Ávörp í þessum dúr eru ópersónuleg og segja aðeins að nú muni skáldið hefja eða ljúka rímunnni og þannig ramma þau frásögnina lítillaga inn. Sem dæmi má taka lok annarrar rímu og upphaf þeirrar þriðju:

hér mun eg láta Fjölnis fund  
falla niðr um eina stund. (II.57)

Hyggi dygg á hróðrar gjörð  
hölda sveit með greinum  
meðan vér gleðjum minnis jörð  
af mildings verkum hreinum. (III.1)

Nokkur slík ávörp vísa í skáldskap á almennan hátt, t.d. er í upphafi fjórðu rímu vísað í skáldskapinn sem *vín Þundar* (þ.e., Óðins; IV.1). Í síðustu vísu fimmtu rímu vekur skáldið athygli á að sagan sé öll:

Síðan sest að sínu ríki seggja hver  
dugga öls en dreggin sér  
diktan sú til enda fer. (V.22)

Ekki er verið að orðlengja hlutina hér og má vera að sumum lesendum finnst rímurnar enda á heldur snubbóttan hátt, sérstaklega ef miðað er við

20 Sverrir Tómasson, „Nýsköpun eða endurtekning?“ 36–37.

21 Finnur Jónsson, *Ordbog til de af Samfund til udg. af gml. Nord. litteratur udgivne rímur samt til de af Dr. O. Jiriczek udgivne Bósarímur* (Kaupmannahöfn: Carlsbergfondet, 1926–28), 129.

langan eftirmála sögunnar, þar sem sögumaður vikur orðum að líkindum atburða þeirra sem sagt er frá.<sup>22</sup>

Rímnaskáldið vikur frá þessum ópersónulega tón á aðeins einum stað, í upphafi fimmtu og síðustu rímu:

Týrs skal renna tappa Rín um tanna gljúfr<sup>23</sup>  
Fjölnis vín skal, fóstrinn ljúfr,  
fara til þín og kvæðis stúfr. (V.1)

Hér ávarpar skáldið fóstra sinn á hlýlegan máta og segir að kvæðið sé ort fyrir hann. Í *Grænlandsannál* frá lokum 16. aldar er getið þess að Björn Jórsalafari hafi haft rímnaskáldið Einar fóstra með sér í för, „skáld hans og skemmtunarmaður, er skemmta skyldi hvörn sunnudag, þriðjudag og fimmtudag, nær þeim þóktu skemmtunartímar vera“.<sup>24</sup> Ef til vill var fóstranafnið notað á báða bóga og væri þá hér átt við þann sem hefur skáldið í föruneysi sínu og er þá einhvers konar vinnuveitandi þess en einnig er mögulegt að fóstrinn sé beinlínis fósturfaðir.

Margt er á huldu varðandi mansöngva í upphafi rímna. Björn Karel Þórólfsson heldur því fram að í upphafi rímnahefðarinnar hafi mansöngshefðin verið frumstæð en með tímanum hafi mansöngvar orðið ómissandi hluti rímna.<sup>25</sup> Vésteinn Ólason telur þó að ekki sé útilokað að þeir hafi fylgt rímum frá upphafi.<sup>26</sup> Aðalheiður Guðmundsdóttir telur ávörp skáldsins í *Vargstökum*, sem eru keimlík þeim í *Hrólfs rímum*, benda til þess að mansöngshefðin hafi verið í mótun á þeim tíma er rímurnar voru ortar, en hún tímasetur þær fyrirnefndu um eða fyrir 1400.<sup>27</sup> Gætu þau líkindi og skortur á eiginlegum mansöng á borð við þá sem síðar komust í tísku því e.t.v. bent til hás aldurs *Hrólfs rímna*. Á hinn bóginn er skáldamál þeirra flóknara og ýmis önnur atriði sem Aðalheiður telur vera forn einkenni bera á milli þeirra og *Vargstakna*. Verður því heldur fylgt þeim málsögulegum rökum sem rakin eru hér að framan við aldursgreiningu rímnanna.

22 *Hrólfs saga Gautrekssonar*, í *Zwei fornaldarsögur (Hrólfs saga Gautrekssonar und Ásmundarsaga kappabana) nach Cod. Holm. 7, 4to*, útg. Ferdinand Detter (Halle: Niemeyer, 1891), k. 46.

23 Merking línunnar er „skáldskapurinn skal renna um munninn“.

24 Ólafur Halldórsson, *Grænland í miðaldaritum* (Reykjavík: Sögufélag, 1978), 46.

25 Björn Karel Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, 258–59.

26 Vésteinn Ólason, „Nýmæli í íslenskum bókmenntum á miðöld“, *Skirnir* 150 (1976):77–79.

27 Aðalheiður Guðmundsdóttir, inngangur að *Úlfhamssögu*, xvii–xviii, xxii.

## 5. Efni og samband við söguna

*Hrólfs saga Gautrekssonar* er löng saga af fornaldarsögu að vera og ferðast söguhetjur hennar vítt og breitt um heiminn, frá Svíþjóð og Noregi í fyrstu en síðan til Garðaríkis, Englands og Írlands með viðkomu í Skotlandi. Sagan er röð fjögurra biðilsfara þeirra Gautreks konungs af Gautlandi, sona hans Hrólfs og Ketils og loks Ásmundar, fóstbróður Hrólfs, en þess á milli berjast hetjurnar við illa víkinga og tröll. Konurnar sem þeir kvænast eru allar skörungar og fer eiginkona Hrólfs, meykonungurinn Þorbjörg, þar fremst í flokki en sagan fjallar öðrum þræði um visku, hollráð og skörungsskap kvenna.<sup>28</sup> Þeir Hrólfur og Ásmundur dvelja á Englandi hjá Ellu konungi í einn vetur og lendir Hrólfur í ýmsum ævintýrum sem sýna fram á visku og ágæti hans.<sup>29</sup> Skáldið virðist gera ráð fyrir að áheyrendur þekki efni sögunnar vel þar sem ekki er gerð nein grein fyrir helstu persónum og engu plássi er varið í að útskýra aðdraganda atburða rímnanna. Lesendum er því bent á að ráðfæra sig við söguna til að glöggva sig betur á helstu persónum og söguþræði.

Fyrsta ríman hefst á samtali milli Hrólfs og Ellu Englandskonungs, þar sem sá síðarnefndi ráðleggur Hrólfi að halda ekki til Írlands í biðilsför fyrir Ásmund fóstbróður sinn fyrr en að liðnum vetri (í lok k. 31 í styttri gerð sögunnar). Næst koma þrjár stuttar frásagnir af yfirburðum, visku og hjálpsemi Hrólfs, fyrst um samskipti hans og Ásmunds við kerlingu eina sem enda á því að Ásmundur heggur höfuðið af kerlingu, í öðru lagi róg hirðmanna Englandskonungs og tilraun þeirra til að koma sökinni á íkveikju í höllinni á Hrólfi, og að lokum hólmgöngu og sigur Hrólfs á berserk.<sup>30</sup> Önnur ríma segir frá komu Svía til Írlands, bónorði Ásmundar um hönd Íraprinsessu og æsilegri orrustu milli Íra og Svía. Hún endar með því að Svíar eru sigraðir og Hrólfur og vinir hans eru handteknir og færðir í jarðhýsi en dauðinn einn virðist bíða þeirra þar. Í þriðju rímu hjálpa kon-

28 Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, „[H]yggin ok forsjál: Women’s Counsel in *Hrólfs saga Gautrekssonar*,“ í Martin Arnold og Alison Finlay, ritstj., *Making History: The Legendary Sagas* (London: Viking Society for Northern Research, 2010), 69–84. Persónan er kölluð Þorbjörg í lengri gerð sögunnar.

29 Marianne Kalinke, *Bridal-Quest Romance in Medieval Iceland*, *Islandica*, 46. b. (Ithaca: Cornell University Press, 1990), 57–63.

30 Í sögunni eru frásagnirnar af atburðum á Englandi fjórar en þeirri fyrstu, um bardaga Hrólfs og félaga við ljón, er sleppt í rímunni.

ungsdóttir og skemmumey hennar þeim félögum að komast út úr gryfjunni og prinsessan nær sverði Hrólfs úr valnum. Þar næst, í fjórðu rímu, vikur sögunni aftur til Svíþjóðar og til drottningar og Þóris járnskjaldar, en drottning færir Þóri talandi drykkjarhorn sem varar við þeirri hættu sem Hrólfur er kominn í. Þórir strengir þess heit að leggja sér hvorki mat né drykk til munns þar til hann hefur bjargað konungi og heldur til Írlands þar sem hann tekur sér tröllsgervi, skelfir landsmenn og lokar Írakonung inni í höll sinni. Drottningin tekur sér herklæði og vopn og fylgir í kjölfarið ásamt Katli mági sínum, bróður Hrólfs. Þegar til Írlands er komið reyna þau í upphafi fimmtu rímu að brenna niður hús þar sem Hrólfur dvelur, þeim að óvörum. En allt fer vel að lokum og enda rímurnar á því að Ásmundur giftist Íraprinsessu og aðrir menn Hrólfs fá einnig kvonfang við sitt hæfi.

Rímnaskáld stytta gjarnan þær sögur sem kveðið var eftir og höfundur *Hrólfs rímnna* fer oft hratt yfir sögu, sleppir útskýringum á bakgrunni eða samhengi atburða og dregur efni samtala saman í óbeina frásögn í nokkrum orðum eða línunum.<sup>31</sup> Til dæmis er aðeins einni vísu varið í að segja frá rógi hirðmanna Englandskonungs um Hrólf og tilraunum þeirra til að sá tortryggni í hans garð fyrir brunann í híbýlum Ellu konungs. Sagan, einkum lengri gerð hennar, segir í lengra máli frá viðbrögðum konungs við róginum og því, hvernig hann tekur að trúá hirðmönnum sínum og vantreysta Hrólfi.<sup>32</sup> Í rímunum er því áhersla oft lögð á hraða framvindu söguþráðarins frekar en persónusköpun, siðferðisboðskap eða hvaða ástæður geta legið að baki gjörðum persónanna.

Á hinn bóginn eyðir skáldið á nokkrum stöðum hlutfallslega miklu plássi í einstaka atburði eða samskipti persóna miðað við söguna. Til dæmis eru heilar ellefu vísur um þann atburð þegar Ásmundur heggur höfuðið af kerlingu eftir að hún hefur beðið hann um að lyfja sér elli, og má vera að sá grófi húmor sem birtist í frásögninni hafi skemmt mörgum áheyrendum. Nokkuð mörg erindi fjalla um samskipti skemmumeyjar Írlandsprinsessu við ‚trölllið‘ Þóri, hirðmann Hrólfs, en eins og í sögunni er gamansamur tónn í þessum kafla.<sup>33</sup> Frásögn sögunnar af Þóri í tröllsgervi — hann hefur

31 Sjá Björn Karel Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, 241, um styttingar sagna í rímunum.

32 Sjá rímu I.33 og k. 33 í útgáfu Detters eða k. 26 í útgáfu Rafns; sjá *Hrólfs saga Gautrekssonar*, í *Fornaldarsögur Norðurlanda eptir gömlum handritum*, útg. Carl Christian Rafn, 3. b. (Kaupmannahöfn: [án útg.], 1830). Hér eftir verða útgáfurnar skammstafaðar D og R.

33 Skemmumey nefnist Sigríður í sögunni en hún hlýtur aldrei nafn í rímunum.

strengt þess heit að neyta ekki matar fyrr en hann hefur fundið Hrólfr — og hugleysi skemmumeyjar andspænis honum er svo ýkt að hún minnr e.t.v. á einhvers konar leik.<sup>34</sup> Rímnaskáldið eykur í miðað við söguna ef eitthvað er og gerir einnig góðlátlegt grín að hermanninum Þóri, sem byrgir Írakonung og menn hans inni í höllinni eftir að hafa farið um sveitir landsins rænandi og drepanði. Þegar skemmumey kemur til hans í eitt sinn sýnist henni „kind með sverðið breitt / svöng þar úti sitja“ (III.45), og hún lýsir honum fyrir konungsdóttur á þessa leið: „Sórans [jötuns] vóru svartar brýn / svangr og magr að líta“ (III.51). Í þriðja sinn er hún kemur til Þóris er hann svo aðframkominn af hungri að „tiggi liggr og treystist hann / traudla upp að sitja“ (III.53). Þrátt fyrir að hafa drepið fjölda Íra og hrætt líftóruna úr þeim sem hann ekki drap er ósamræmið milli þeirrar hryggð-armyndar sultar og volæðis sem Þórir virðist vera þegar hér er komið sögu, og hins vegar hræðsluópa skemmumeyjar, slíkt að það hlýtur að hafa skemmt áheyrendum dátt.

Bardagalýsingar eru ítarlegar og oft spennandi eins og fjallað var um hér að framan. Þótt þær séu fyrirferðarmiklar í sögunni eru þær hlutfallslega enn ítarlegri í rímunum. Þetta kemur heim og saman við almenna þróun rímnakveðskapar, einkum hins eldri, þar sem bardagalýsingar, siglingar og veislur eru þau efnistöð sem helst hljóta meira pláss en í sögum.<sup>35</sup> Bardaga Íra og Svía er til dæmis lýst á nákvæman hátt og tekur hann yfir 21 vísu af 57 í annarri rímu. Sagan leggur einkum áherslu á þátt Hrólfs í orrustunni og vopnfimi hans en rímurnar beina athygli að herjunum tveimur og þætti Ásmundar og Gríms.<sup>36</sup> Einnig er sleppt samtali í sögunni milli Ásmundar og Hrólfs þar sem Hrólfr hvetur fóstbróður sinn (og sjálfan sig í leiðinni)

34 Um samsvarandi kafla í sögunni og leiki, sjá Torfa H. Tulinius, *The Matter of the North: The Rise of Literary Fiction in Thirteenth-Century Iceland*, þýð. Randi C. Eldevik (Óðinsvæ: Odense University Press, 2002), 177–78. Um tengsl milli rímna og einhvers konar leikja, sjá Sverri Tómasson, „Stráklegr list mér Skíði,“ 305–20; og Hauk Þorgeirsson, „Þóruhjód og Háu-Þóruleikur,“ *Gripla* 22 (2011):211–27.

35 Björn Karel Þórolfsson, *Rímur fyrir 1600*, 243; Ólafur Halldórsson, inngangur að *Bósa rímunum*, Íslenskar miðaldarímur, 3. b., Rit, 5. b (Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1974), 24–26.

36 Vésteinn Ólason fjallar um langa og vel orta bardagalýsingu í *Ólafs rímunum helga* og hvernig skáldið velur úr *Heimskringlu* það efni sem hentar, sjá „Kveðið um Ólaf helga: Samanburður þriggja íslenskra bókmenntageina frá lokum miðalda,“ *Skírnir* 157 (1983):54–55; sjá einnig grein Massimiliano Bampi um mismunandi áherslur rímnaskáldsins, „The King in Rhyme: Some Observations on *Ólafs ríma Haraldssonar* as a Reworking of Snorri’s *Ólafs saga helga*,“ *Filologia Germanica* (2012):49–65.

til dáða í bardaganum. Á hinn bóginn er Hrólfi lýst sem óttaslegnum fyrir Írlandsferðina þótt hann feli óttann (II.6) og má það teljast óvenjulegt að áheyrendum sé gefin innsýn inn í tilfinningar hetja.

Rímnaskáldið hafði tiltölulega lítinn áhuga á Þorbjörgu, eiginkonu Hrólfs, og þeim hluta sögunnar er hún tekur vopn og herklæði og heldur ásamt Katli til Írlands að bjarga manni sínum. Áður en hún giftist Hrólfi var Þorbjörg meykóngur og réð yfir einum þriðja Svíþjóðar, tók sér nafnið Þórbergur (í lengri gerðinni) og gekk alfarið inn í hlutverk konungs. Hún er ein af helstu persónum sögunnar allt frá því að Hrólfur fer sem ungur og óreyndur maður mikla sneypuför að biðja hennar. Meðal annars er Þorbjörg látin veita Hrólfi margvísleg hollráð eftir að þau eru gift auk þess að leiða björgunarleiðangurinn til Írlands.<sup>37</sup> Í rímunum er hún hins vegar tiltölulega litlaus persóna og höfð til hliðar. Frásagnir af meykóngum voru afar vinsælar á síðmiðöldum og margar rímur voru kveðnar eftir sögum um þá.<sup>38</sup> Því er eftirtektarvert að kastljósinu er lítið beint að Þorbjörgu. Minna er einnig gert úr hlutverki hennar sem rödd visku og forsjálni: í sögunni (k. 43) letur hún Ketil mág sinn þegar hann hefur í hyggju að brenna niður skemmuna sem Hrólfur dvelst í en varnaðarorðum hennar er sleppt í rímunni. Hrólfi er reyndar sagt frá þeim í lok hennar (IV.47) en það er nokkuð í framhjálaupi miðað við söguna. Hér er því dregið úr þeim siðferðisboðskap sem konum er lagður í munn í sögunni varðandi varkárni, og sömuleiðis er athyglinni beint frá konum sem ganga inn í karlhlutverk og brjóta upp hefðbundna skiptingu valdsviða kynjanna.<sup>39</sup>

Þótt rímnaskáldið minnki hlutverk Þorbjargar má ekki líta fram hjá persónu Íraprinsessu, sem sýnir frumkvæði og dirfsku og er ein af aðalpersónum rímnanna. Ásamt skemmumey sinni bjargar hún Hrólfi og félögum úr bráðri lífshættu og nær aftur sverðinu þar sem það liggur á vígvellinum meðal dauðra hermanna eftir orrustuna við Íra, en miklu þúðri er eytt í að lýsa því hversu mikil þrekaun sú för var fyrir stúlkurnar tvær. Þótt prinsessan gangi gegn hagsmunum föður síns með því að hjálpa and-

37 Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, *Women in Old Norse Literature: Bodies, Words, and Power*, The New Middle Ages (New York: Palgrave, 2013), 36, 112–116.

38 Ítarlega hefur verið fjallað um meykönungaminnið og vinsældir þess. Sjá t.d. Kalinke, *Bridal-Quest Romance*; Sif Ríkharðsdóttir, „Meykóngahefðin í riddarasögum: Hugmyndafræðileg átök um kynhlutverk og þjóðfélagsstöðu“, *Skírnir* 184 (2010):410–33; Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, *Women in Old Norse Literature*, k. 5.

39 Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, „Hyggjin ok forsjál“.

stæðingum hans verður að hafa í huga að gjörðir hennar styðja við söguhetjuna og því virðist henni leyfilegt að fara út fyrir hefðbundið óvirkt kvenhlutverk.<sup>40</sup>

Ekki verður hér fullyrt nokkuð um mögulegan áheyrindahóp rímnanna. Þar sem persónum af báðum kynjum er gert hátt undir höfði og bæði karlmaður og kona eru sennilega ávörpuð mætti geta sér þess til að hann hafi verið blandaður, með fólki af báðum kynjum og af ýmsum stéttum. Efni rímnanna virðist hafa höfðað bæði til stórbænda og höfðingja sem og þeirra af lægri stigum.<sup>41</sup>

## 6. Bein orðatengsl rímna og sögu

Sums staðar hefur orðalag milli sögunnar og rímnanna haldið sér. Þannig segir t.d. ensk kerling um dóttur sína að hún sé móður sinni „verri en enginn“ (I.8) og síðar að hún hafi látið karlmann „ginna“ (I.10) sig. Sömu orð koma fram í sögunni (k. D32/R25). Fyrri dæmið er í báðum gerðum sögunnar en *ginna* er aðeins notað í lengri gerðinni. Er kerling biður þá Hrólfr og Ásmund um að lyfja sér elli segir Ásmundur „þad hittest opt j huse kallz“ (I.24) og sama orðalag kemur fyrir í sögunni: „opt er þat í karls húsi, er eigi er í konungs“ (k. D32/R25). Björn Karel Þórólfsson bendir á dæmið „teygja hálsinn“ sem er aðeins í einu handrita styttri gerðarinnar en í lengri gerðinni stendur „lúta“.<sup>42</sup> Þegar eldur er lagður að svefnstað Ellu konungs lætur Hrólfr „rifa upp setstockana“ (k. D33/R26) en í rímunni segir að hann láti „stocka vpp ad rijfa“ (I.35). Eftir hólmgöngu við berserkinn fer Hrólfr víða og segir í báðum textum að hann „skipaði ok setti málum“ (I.61, k. D34). Að lokum, þegar Hrólfr er fleygt í gröfina eftir að hafa verið handsamaður af Írum, kveður skáldið að „standande kom ræsir nidur“ (II.47) en í sögunni „kom [Hrólfr] niður standandi“ (k. D37/R29).

Erfitt er að færa rök fyrir því hvorri gerð sögunnar rímnaskáldið fylgir af þessum fáu dæmum. Orðið *ginna* getur talist svo eðlilegt orð um það athæfi Gríms að leggja í vana sinn að heimsækja ógifta stúlku að það þýði ekki að skáldið hafi þekkt lengri gerðina. Sennilega er orðamunurinn *teygja*

40 Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, *Women in Old Norse Literature*, 28–29.

41 Sjá t.d. Jóhanna Katrín Friðriksdóttir, „Ideology and Identity in Late Medieval Northwest Iceland: A Study of AM 152 fol.“ *Gripla* 25 (2014):87–128.

42 Björn Karel Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, 415, sbr. Detter, útg., *Hrólfs saga*, 55.



*hálsinn/lúta* sterkari vísbending og mun þá Björn hafa haft rétt fyrir sér. Ofan á þau rök bætist að rímurnar hafa sömu röð atburða og styttri gerðin en í lengri gerðinni flakkar sögumaður annars vegar á milli þess sem hendir Hrólfr og menn hans á Írlandi, og hins vegar Þóris og Þorbjargar. Einnig ber rímunum og styttri gerðinni saman í þeim tilfellum þar sem lengri gerðin hefur ítarlegri samtöl, t.d. þegar Írakonungur ávarpar Hrólfr, fanga sinn, eftir orrustuna (k. 35/29) og ávarpi Þóris járnskjaldar til manna sinna (k. D39/R28). Við teljum þ.a.l. að skáldið hafi haft styttri gerð sögunnar til fyrirmyndar þegar rímurnar voru ortar.

## 7. Um útgáfuna

*Hrólfrs rímur Gautrekssonar* eru hér gefnar út stafrétt eftir texta AM 146 a 4to ásamt skýringum. Leyst er upp úr böndum á hefðbundinn hátt og höfð nokkur hliðsjón af vinnubrögðum Ólafs Halldórssonar í útgáfu á *Vilmundar rímum viðutan*.<sup>43</sup> Hér er þó farin sú leið að lesa alltaf upp úr titli sem ⟨er⟩ fremur en ýmist ⟨ir⟩ og ⟨er⟩ eftir umhverfi. Gerður er greinarmunur á ⟨ij⟩, ⟨i⟩, ⟨y⟩ og ⟨ÿ⟩ þótt munurinn geti verið naumur.

Á örfáum stöðum er texti handritsins leiðréttur en yfirléitt er látið duga að birta leiðréttingartillögur í neðanmálgreinum. Við torlesna staði var höfð nokkur hliðsjón af uppskrift Gríms Helgasonar og á einum stað er þess getið þegar vikið er frá henni.

Hér að framan eru helstu einkenni skáldskaparmáls rímnanna rædd og vísum við í þann kafla fyrir yfirlit yfir algengar kenningar. Skýringar eru gefnar neðanmáls á torskildum orðum og óalgengari heitum og kenningum. Í skýringum er einnig sums staðar minnst á *Hrólfrs sögu* þegar rímurnar bregða út af henni eða eru torskildar. Eins og jafnan með skýringar á kveðskap má ætla að sumum þyki þær óþarflega ítarlegar en öðrum óþarflega knappar.

43 Ólafur Halldórsson, inngangur að *Vilmundar rímum viðutan*, 30.

## Nockrar Hrölf's rijmur

## I.

1. Þar hef eg lagt ä lioda fiórd  
lægis fakinn<sup>1</sup> gilla  
Hrolfur situr ad enskre jórd  
arfe Gautrix millda.

1 Lægis fákur: skip.

2. Herra landz kom hitta hann  
hreiter nodru spänga<sup>2</sup>  
tigge þa vid traustan mann  
talade stund mióg længa.

2 Hreytir nöðru spanga (gulls):  
maður.

3. Ecke fær til Jrlandz er  
eidir grænnra skiallda  
kongurinn sit vmm kirtt hia mier  
kann þui margt ad vallda.

4. Hauste er nærre hiórfa runnur  
hófnum vant ad leggja  
Hrolfur er ad kijnge kunnur  
kongurin jrskra seggia.

5. Hrolfur þiggur hilmers rad  
hafdu þock ad slijku  
eg skal vitia ä Jra læd  
annad sumar ad lijku.

6. Asmund bæde og odling fann  
elsku giarn til greina  
filker geingur og frægdar mann  
fundu kerling eina.

7. Kerling heilsar kongin ä  
krept j óllum beinum  
lofdung ertu vmm lond og siä  
leifdur j flestum greinum.

8. Ræsir þarf eg rada þijn  
rauner hefeg feingid  
mier er dógling dotter mijn  
driugum verr enn einginn.

9. Hün var leinge hringa frijd  
hugul ad mijnu starfe  
nu vill eckj vijst vmm hrijd  
verda mier ad huarfe.

10. Lätstu j burtu laufa þund  
lijtel er þad hætta  
ginner hann suo gödligt sprund  
giorer hun eckj vætta.

11. Asmund til af æsku leggur  
vlfum giarn til brädar  
lasta eg ei þo hinn leifde seggur  
leike yckur einn veg bädar.

12. Hrölfur suarade hringa grund  
huggun veitte fliode  
fer eg ad hitta fleina lund  
fare þad og ad hliode.

13. Siöle veik af sinne höll  
þad<sup>3</sup> var stundu sijdar  
heima voru ad hüse öll  
hioninn<sup>4</sup> lauga fridar.

3 Hér vantar höfuðstaf.

4 Hjón: heimilisfólk.

14. Audling sest ä annan beck  
og Äsmund honum hid næsta  
leit ä palle prudann reck  
og pella linde glæsta.

15. Audling kuadde audar frigg  
odda lijka fleiger  
kerling sat þar krept j hrigg  
og kiapta jafnann teiger.<sup>5</sup>

5 Hér er kerling látin teygja kjaftinn og minnir e.t.v. á völu sem geisp-uðu ótt og títt áður en þær fóru með spádóma.

16. Hilmer spir ad heite þegn  
hann kuedst Grimur ad nafne  
garpurin vill med gilldligt megn  
gledia vlf ä tafne.

17. Kierling hefur það kiært fyrer mier  
kappinn rackte minne  
rifinn kuedst eckj rind fyrer þier  
räda döttur sinne.

18. Fipla<sup>6</sup> þu eckj filker tier  
fallda bil suo snauda  
þigg j mote þock af mier  
þroka oss eigi til nauda.<sup>7</sup>

6 Fipla: fifla.

7 Merking vísuorðsins hlýtur að vera: „Ekki þvinga mig til óyndisúrræða“. En sögnin ‚þroka‘ hefur venjulega aðrar merkingar.

19. Vijsir legg minn vilia ä möt  
eg vil þa þessu heita  
þo er minn hugur ä þidre snöt  
eg þarf þui eckj ad neita.

20. Budlung skal nu bidia þess  
kuad baugavidurinn störe  
vid bigium fagurligt bäru ess  
bädir saman ad vore.

21. Þeingill seiger ad það skal giort  
þiggur slijkt med blijda  
þegar vier ytum þiliu hiórt<sup>8</sup>  
þa vertu buinn ad strijda.

8 Þilju hjörtur: skip.

22. Mórgum vex eigi megtin síjdur  
 mein þo nockud suelle  
 kelling talade kongin vidur  
 kantu ad leifa<sup>9</sup> elle.

23. Filker ansar furdu blýjdur  
 fást eigi til þess merke  
 enn þö hitte eg hälfu síjdur  
 hätt ä þessu verke.

24. Þad hittest opt j huse kallz  
 higg eg Äsmund greina  
 þui er mijn göta geimer hiallz<sup>10</sup>  
 gioreg þier lækning eina.

25. Þu skallt tausinn<sup>11</sup> teigia halz  
 og treista ä adgiord mijna  
 þä mun lestir | lægis bals  
 leifa elle þijna.

26. Hoskur hio þa hilmers þegn  
 hófud af linde tuinna  
 þeingill ansar þegar j gieg  
 þetta er smän ad vinna.

27. Stillir var þä storum reidur  
 strijdur j ordum sijnum  
 minkast atlar milldings heidur  
 mest af verkum þijnum.

28. Geingu þeir til hallar heim  
 helldur af skómmu bragde  
 meingid for ä mote þeim  
 millding sat og þagde.

9 ‚Lyfja elli‘ er eldra orðalag og kemur fyrir í sögunni en ‚leifa/leyfa elli‘ kemur fyrir þrisvar hér í rímunni og víðar í kveðskap frá 16. öld og síðar, t.d. *Pontus rímum* I.74 og *Amicus rímum* IV.36.

10 Geymir hjalls: húsráðandi kofans, þ.e. kerling.

11 Taus: kona.

29. Alldre sa eg j ymu<sup>12</sup> fyr  
odling vera suo reidan  
þar sem magnast meire stir  
mier j ordum leidann.

12 Íma: orrusta.

30. Asmund sagde alla grein  
ä efne þeirrar<sup>13</sup> stigdar  
konge mætte kerling ein  
vid komum til hennar bigdar.

13 þeirrar: Þetta orð er jafnan  
bundið og ekki gott að vita hvort  
skrifarinn sá fyrir sér eitt r eða  
tvö.

31. Lofdung beidde laufa bil  
ad leifa elle stränga  
óðling neitte enn eg for til  
af hlaut hofud ad gänga.

32. Ecke skaltu óðling hót  
Äsmund þessa kunna  
var þad ein hin vesta snöt  
er vælte hiorfa runna.

33. Ytar bäru ligd ä lopt  
landz fyrer konginn fræga  
hóldar villdu harla opt  
Hrolf vid Ella rægia.

34. Siklings son med sinne drött  
suaf j eirne skemmu  
millding kiende vmm midia nött  
mättkann elld og remmu.

35. Hrolfur bad þä holda enn  
hardt til vopna þrifa  
stora giora þa stillis menn  
stocka vpp ad rijfa.

36. Hrolfur liet sem hefde fiór  
holda xij ad ræda  
spillte hljuf enn spente hior  
spurde onguann rada.

37. Elle vaknar eckj ad helldur  
allt tok hus ad brenna  
sie eg nu eigi huad suefne velldur  
sijst vid kongin þenna.

38. Kongin bæru j klædum vt  
kappar Hröls vr elde  
lijdum vackte længa sut  
loginn ä þessu kuellde.

39. Holdum fra eg heipter gallt  
Hrolfur ad geira sennu  
Elle talade einka sniallt  
endid reik og brennu.

40. Þeir skulu rett er rægdu þig  
recker lijfe tijna  
gack nu sialfur j sætt vid mig  
sæmd skal eckj duina.

41. Hrolfur seigir ad huor skal dreingur  
hallda lijfe ad lijku  
vere þeir eckj j lande leingur  
sem liggia ä bragde slijku.

42. Leing<sup>14</sup> eg eigi vmm lioda giord  
lijdur stund af vetre  
fridur hefur vmm filkirs jörd  
feingist sialldann betre.

14 Leing: lengi (af so. lengja).



43. Eina nött að ódliŕ ríed  
 vt af huijlu að gǽnga  
 rǽsir gat þá ríjda síed  
 rekk vmm braut suo lǽnga.

44. Frǽrre hestur og frǽkinn dreingur  
 for af óllu meŕne  
 hilmer eigi til hallar geingur  
 hann vill mǽta þeŕne.

45. Þesse heilsar þeingil ä  
 Þordur liest hann heita  
 þung er naud enn það skal tíä  
 þui fer eg ydar að leita.

46. Berserkur hefur mier bodid ä holm  
 bidur hann sistur minnar  
 lóngum er hanz lundinn ölm  
 leitaeg filgdar þinnar.

47. Vilier þu leisa vandann minn  
 og verda mier að huarfe  
 sannliga er það somen þinn  
 sæmdar madurin diarfe.

48. Yfrid þike<sup>15</sup> mier erinde þitt  
 ansar madurin frægie  
 fer eg að vekia filge mitt  
 og fá mier vopn suo nægie.

15 Þike: Skrifað þi'e' og ekki gott að  
 vita hvort skrifari sá fyrir sér eitt  
 k eða tvö. Í vísu II.15 er orðið þó  
 ritað með einu k.

49. Vísir síe eg til vænna rad  
 vel meige þier þui hlijta  
 tak minn hialm og hogna vod<sup>16</sup>  
 hrotta og skiólldinn huijta.

16 Högna vod: brynja.

50. Kongurinn vann með kappeflest  
klædest þar vid stræte  
þegar hliop vppa þrifinn hest  
enn Þordur rann ä fæte.

51. Þegnar hitta Þordar bigd  
og þornabil suo rioda  
dogling ried su drös med hrigd  
dijrligt sæte ad bioda.

52. Kappinn var þa komen ä möt  
kuadde Þord af reide  
gack ä holm edur gipt mier snöt  
og gior þa huad eg beide.

53. Feingen er sa sem frelsar mig  
fleiger rijnar glöda  
vertu fliotur og vopna þig  
vid skulum fleina rioda.

54. Frett hef eg hitt ad filker var  
frægur ä löndum vijda  
millding ætleg þad miklu nær  
munu vid Hrolfur strijda.

55. Firda sa sem frægd er vijs  
filkirs vidur ad hoggua  
þa mun hilmer hræfar js<sup>17</sup>  
j heitu blode dóggua.

17 Hrævar ís: sverð.

56. Hóggid reid hans halse ad  
haus nam sundur ad springa  
bükinn klauf ad belltis stad  
bæde skiolld og hringa.

57. Tígge lofast af trauste sijn  
trur var Þordur skaptur  
gíptu eigi seggurin sistur þijn  
suinnur ädur eg kiem aptur.

58. Þad skal vijst j valde þijn  
veiter benia linna<sup>18</sup>  
sæmd og audur og sijster mijn  
slijkt er eg mä | þier vinna.

18 Benja linni: sverð.

59. Hilmer kom til hallar frödur  
hann hefur sijdla vaknad  
kur var eckj j koppum gödur  
kongsins var þa saknad.

60. Hilmer sagde virdum vjjs  
von ä Hareks<sup>19</sup> dauda  
hoskum gafst med heidur og pris  
Hrolfe gullid rauda.

19 Skrifað ‚har’s‘.

61. Mälum skipade malmafneir  
mætur vmm landid vjida  
heptist rän og randa þeyr  
ried suo vintur ad lijda.

62. Hirdte garpur grimnis aud  
gladur og allann reida  
gester hielldu garpar braut  
Grimur er komen til skeida.

63. Fimtie lætur filkir þa  
flædar biórnu<sup>20</sup> büna  
Ella seiger ad eidast mä  
þeir vndu segl vid hüna.

20 Flæðar birnir: skip.

64. Gnaudar flöd vmm grund og sker  
 gieteg ad aukist vande  
 Hrolfur kom med holddnum her  
 hratt ad Jra lande.

65. Skiotliga toku skatnar hófn  
 skamt frá kongsins hóllu  
 þar skal filkirs fræda drófn  
 falla nidur med ollu.

### Aunnur Hrölf's rijma

#### II.

1. Munda eg ætla ad midiungs skeid  
 mætte renna af orda leid  
 ädur enn feinge falka reid  
 filkirs sonur af bauga meid.

2. Jrlanz kongurin alla veit  
 ætlun Hrölf's og räda leit  
 vill þa gramur med garpa sueit  
 giallda þeim hinu bernsku heit.

3. Stefner ad sier þy og þræl  
 þeingill sä sem bist vid væl<sup>21</sup>  
 ódlings hird gieck ecke dæl  
 alldre nær ad strida ä hæl.

21 Þ.e., vél.

4. Hefur þu Asmund ongua frett  
 Jra kongs af brógdum rett  
 varla tru eg ad veite sliett  
 nie vijfa mälin gänge liett.

5. Vær skulum fara med fride og vægd  
 fordast alla gumna slægd  
 aflast mun þa audur og frægd  
 ef vier hliotum kongsins mægd.

6. Hundrad lidz af hernum velur  
hinn er onguar frægdir duelur  
hreiste mál fyrer herrum telur  
hilmers son er öttann felur.

7. Hier skulu bragnar beint vid siä  
bijda medann vier gongum frá  
enn þa heitum hólða ä  
huor skal buinn sem fliotast mä.

8. Bragnar snüa til borgar heim  
büner vel vid randa seim  
naudinn öx med nófnum tueim  
nu kom Hrolfur ä möte þeim.

9. Þar kom óll hin jrska þiod  
eckj dæl vid randa biod  
filker talar og fieckst þä hliod  
fetla<sup>22</sup> grams<sup>23</sup> vid randa riöd.

10. Kienneg Asmund ættdrif þitt  
Olafs son vmm Skotland vijdt  
seinkast mun þier mægðid<sup>24</sup> mitt  
mætte vera þier geinge lijtt.

11. Ollum oss er alkunnig  
ætlun su er brugge þid  
fæst þui eckj fliod af mier  
furdu margur er dulinn ad sier.

12. Farid nu heim med fride og sætt  
firdum skal vid onguo hætt  
varla kaupist vijfid mætt  
vijsliga hafi þier lijtid grædt.

22 Fetla: Sérhljóðið nokkuð óljóst;  
Grímur Helgason les ‚fatla‘.

23 Hér hefur eitthvað afbakast, fylkir  
fetla grams er lokleysa. Upphaflegt  
gæti verið fleygir fetla garms; fetla  
garmur er sverð og fleygir þess  
hermaður.

24 Við þekkjum ekki önnur dæmi um  
að orðið mægð sé haft í hvorugkyni  
en kynið er hér rimbundið.

13. Hrolfur er bæde hraustur og mildur  
harla sterkur og kappe gilldur  
þier vileg biöda ad heptist hilldur  
hellduren riodist benia sýlldur.<sup>25</sup>

25 Síld benja: sverð.

14. Enn ef þu fíjsist fram ä leid  
ferdinn mun eigi verda greid  
þä munu virðar viga seid<sup>26</sup>  
veita yður vmm eitthuort skeid.

26 Viga (spjóta) seiður: orrusta,  
sjá *Ordbog over det norrøne prosa-  
sprog* (Kaupmannahöfn: Den  
Arnarnagnæanske kommission,  
1989–), 312.

15. Gautrex son varð eckj odur  
óðling suarade konge frödur  
mijnkast við það holda hrödur  
huorgi þike mier kosturin gödur.

16. Sie eg það glogt ad siklings<sup>27</sup> skraut  
skiptist vm við branda þraut  
ef vier missum menia laut<sup>28</sup>  
miklu er betra ad hallda j braut.

27 Hér vantar stuðul; þess mætti  
geta til að ‚siklings‘ ætti að vera  
‚skjöldungs‘.  
28 Menja laut: kona.

17. Grär mun riodast gilfris<sup>29</sup> kiaptur  
ef gorpum verður daudinn skaptur  
þo þig stidie kijnge kraptur  
kann eg varla ad huerfa aptur.

29 Gylfrir: úlfur.

18. Hrolfur suarade bistur og brädur  
bragning þottist næsta smädur  
sa skal meiddur og þikjast þiadur  
þegnar kalla frægstann ädur.

19. Sä skal þijndur hinn svenske her  
sikling mællte reidur og þuer  
þö skal leika virða ver  
vijst er kallast frægri huer.

20. Hofdu Jrar hundrud vj.  
holda lidz er roman vex  
gnögt er afl og grundinn þreks  
giptann rædur ef allvel tekst.

21. Tófdu Suijar ad tækist grid  
treista þeir sier kongin vid  
vtan þeir hefde j leindum lid  
og liete eckj ä soknum bid.

22. Villde Äsmund veiga skord  
væna flitia ä skeidar bord  
adur enn hädist hiorfa mord  
hernum gerde kongurinn ord.

23. Huorge var þa sikling suifur<sup>30</sup>  
segge mædde randa gijfur<sup>31</sup>  
stillirs her frä strondu drijfur  
störann skiolld og spiotid þrifur.

30 Svífur: blíður, mildur.

31 Gífur er tröllkona; gífur randa er  
öxi eða annað vopn.

24. Fagrar bresta fröda | brijkur<sup>32</sup>  
fundurinn hittest varla slijkur  
ytar suæfa vnda spijkur<sup>33</sup>  
Jra her til borgar vijkur.

32 Fróða bríkur: skildir.

33 Unda spik: sverð.

25. Opnar stodu allar grindur  
jtum var þad eckj hindur  
þesse hinn sterke stála vindur  
stillis her vm portenn hrindur.

26. Hiorua jel var hart og æst  
Hrölfe kann ad granda fæst  
þannen brä vid þessu næst  
þeingils borg var vandliga læst.



27. Dreingium j möte drijfur mugur  
dorinn sueigdist og var þá biugur  
landsins vard þeim lijdurinn driugur  
lofdung vacktist vnda sugur.

28. Brotnar hlijf enn brandurinn giellur  
biturlig heipt med gumnum suellur  
huor vmm annann firda fellur  
fleina þitur hia gorpum smellur.

29. Jrlanz kongrinn jta hio  
eckj giordist sokninn slio  
órin af huorium fingre flö  
firda j gegnum briostid<sup>34</sup> smö.

34 briostid: Orðinu er bætt við úti á  
spássíu með sömu hendi og vísað  
inn.

30. Suiarner geingu sijnu snart  
suerdid tok ad brotna mart  
odins vedur var vndra hart  
jtar feingu konginn vart.

31. Suenska dreinge suæfde fleinn  
sannliga vard þeim fundurinn beinn  
tijndust jta tueir fyrer einn  
treiste eigi ad fljia neinn.

32. Odling minte Äsmund ä  
oll var fallinn hridinn þá  
seinkast ætlaeg snot ad fá  
sijne nu huor þad orka mä.

33. Gat eg þui nær sem geck j dag  
gumna vinur vmm kongsins hag  
fäum þeim nockurn frægdar slag  
fillum enn ä blode nag.<sup>35</sup>

35 Nagr: hrafn, sbr. Björn Karel  
Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, 120.

34. Latum sia þad listug vijf  
leika kunnum j fleina drijf  
kliufum hiälm enn kóstum hlijf  
kieppunst meir a frægd enn lijf.

35. Asmund þeektist ódlings rad  
oll var þoekt af bükum läd  
hann klauf hialm og hógna vod  
hniginn var óll hin suenska þiod.

36. Grijmur ried sä gätum fir  
ad gänga framm þar magnast stir  
kappinn hiö so herians hir  
ad holdum süt vmm briostid lijf.

37. Þrenner spenna þundar elld  
þegnar giegner frama kuellid  
drott var ött j daudan sellid  
digdar bigd var sutum hrellid.

38. Jra suijrum egginn blä  
ærid nær geck morgum þä  
bukum striuka hofudinn hia<sup>36</sup>  
herdist suerd j benia lä.

39. Bada fä þeir sýdla sokt  
segger eggiasl huor ä þrott  
holda glód var huorge drott  
härta var þä dimt af nött.

40. Recka skjifer ramma troll  
randa sol<sup>37</sup> rauf fiolnis vóll<sup>38</sup>  
bragnar mest j branda goll  
bärust vpp ad eirne höll.

36 Skrifað hof<sup>d</sup>i<sup>n</sup> h<sup>a</sup>. Hugsunin er væntanlega að menn séu háls- höggfir og að höfuðin strjúkist við búkana þegar þau falla af.

37 Randa sól: sverð.

38 Fjölfnis vóllur: skjöldur. Hér er Fjölfnir notað sem jötunshéiti og vísar í Þjassa og frásögn *Snorra-Eddu* af því er hann stóð á skildi sínum.

41. Þustu Suijar j stad med stígd  
stillir þröfar þeirra dígd  
það var eigi lýdum lígd  
leíng magnast gorpum hrigd.

42. Jrar syndu onguann fríd  
eíðast tok þá gumna líð  
eigi komu vopnum víð  
vasker menn er eíðust gríd.

43. Mäna skipte menia landz<sup>39</sup>  
mättug egginn skiallda grandz  
beininn hío meðan brandurín vanst  
budlung vt til níunda manz.

39 Máni menja lands: skjöldur, sbr.  
Björn Karel Þórólfsson, *Rímur fyrir*  
1600, 96, 126. Land menja er hönd.

44. Jralíd gíeck að suo margt  
eyddist víð það folkíd bíart  
brandínúm kastar búrt suo hartt  
budlung vtj myrkríð suart.

45. Hóggum mætte híalmsíns bárd  
helíar sueít for Jra gárd  
fílkír ädur enn fangín várd  
fírdum veítte æfe skárd.

46. Soktu dreínger síjðann hauf  
síjna píjnu að flærðar auf<sup>40</sup>  
fírdá skíldu að fílkírs krauf  
færa ofan j díupa gróf.

40 auf: Erfítt er að lesa þetta öðruvísi  
en óvenjulangt bíl er á undan orðínu  
eíns og staðíð háfi til að skrífa meíra  
eða eítthvað háfi verið skafíð út.  
Merkingín í fyrri helming þessarar  
vísu vírðíst ekki ljós.

47. Suo var gíórt sem síkling bíður  
síyndur var meír þá daude enn fríður  
stodár nú eckj að stallðra víður  
standande kom ræsír níður.

48. Frietta eg huorge fyr j heim  
frægra kong ad hiorua seim  
gripur j möte gorpum tueim  
gietur hann þann veg borgid þeim.

49. Hellu færde med afle ä  
ytum leist hun stör ad siä  
grofina hugdu ad geyma þä  
geingu sýðann burtu fra.

50. Audling talar vid Asmund frægur  
Jrlandz vard oss kongurin slægur  
brudar er sia bingurin<sup>41</sup> hægur  
brätt mun hann endast nockur dægur.

51. Sannast mun það sógdu vær  
snarligur virdtist Hrolfur j giær  
eckj lijst mier ódlings mær  
Äsmund huijla ydur suo nær.

52. Suarade hinn er snotar bad  
sanliga talade kongur vmm það  
helldur kiore eg hillde ad  
hnijga daudur enn þennan stad.

53. Recka skifer<sup>42</sup> refla þiel  
raugnis hallar<sup>43</sup> vndu vel  
hier munu segger suellta j hel  
sannliga fer þä eckj vel.

54. Laudursins skjifer vigra vagur<sup>44</sup>  
vordinn er sa fundurinn bægur  
eigi skilde milldings mægur  
meyar giarn og vijsku lögur.

41 Brúðar bingur: hjónarúm, sbr. þessi orð í sögunni: „þat ætla ek, fóstbróðir! at Hrólfr, nafni minn, ætli þér þessa sængina fyrr en hjá Ingibjörgu, dóttur sinni“, sjá *Hrólfs saga Gautrekssonar*, útg. Detter, 62.

42 Skýfir: heggur.

43 Rögnis [Óðins] höll: Valhöll; reflar Valhallar: skildir; þél skjalda: sverð, sbr. Björn Karel Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, 142. Hugsunin er þá væntanlega að þeir menn sem voru höggvnr í bardaganum undu því vel – en þeim Hrólfi er ætlaður smánarlegur dauðdagi.

44 Þetta vísuorð er illskiljanlegt.

55. Skifdann leistu skialldar spord<sup>45</sup>  
 skioldungs þar vid randa mord  
 eigi skilde ædru ord  
 ägiæt spiria menia skord.

45 Skjaldarsporðurinn er neðri  
 endinn á skildinum.

56. Asmund er það eigi suo vant  
 ódling setur oss hardann skamt  
 varla kom eg j verra pant  
 væri mier vr grófinne ant.

57. Herrann ansar hilmers kund<sup>46</sup>  
 hefur þu ræsir barna lund  
 hier mun eg läta fiolnis fund  
 falla nidur vmm eina stund.

46 Kundur: sonur.

## Þridia

### III.

1. Higge digg ä hróðrar giord<sup>47</sup>  
 hólda sueit med greinum  
 medan vier gledium minnis jórd<sup>48</sup>  
 af mildings verkum hreinum.

47 Hróðrar gjörð: kvæði.

48 Minnis jörð: hugurinn.

2. Styr var fyr med styrkuum endur  
 styre | fróða hiupa<sup>49</sup>  
 nauda traudur<sup>50</sup> var niflung<sup>51</sup> sendur  
 nidur j jórd suo diupa.

49 Fróða hjúpur: brynja; stýrir  
 brynja > hermaður.

50 Traudur: tregur, óviljugur.

51 Niflung(ur): konungur.

3. Garpar snarper gordu tueir  
 Gautrex syne ad filgia  
 sarer voru segger þeir  
 siatnar vnda bilgia.<sup>52</sup>

52 Unda bylgja: blóð.

4. Dottur þotte dóglings nu  
 dreinger jlla setter  
 jta sijter agiæt fru  
 eru þeir klædum fletter.

5. Endils sende eikar<sup>53</sup> skord  
eina meý til recka  
berdu skerde blijdlig ord  
baugs<sup>54</sup> hann fyrest<sup>55</sup> ecka.

53 Eik endils: gull; endill: dreki,  
ormur, sbr. Björn Karel Þórólfs-  
son, *Rímur fyrir* 1600, 117.

54 Skerðir baugs: maður.  
55 fyrest: sem sagt ‚firrist‘.

6. Käter sätu kappar þä  
kuellid tok fram ad lijda  
gullas þóllen grófinne hiä  
gieck hin öska frida.

7. Virda spurde vegligt sprund  
huort væri þar menn ä ljufe  
snöt j möte seima lund  
sende biortu vijfe.

8. Bæde klæde bior og vist  
braud og vijnit skiæra  
meidir<sup>56</sup> beidir mens vid rist<sup>57</sup>  
mildings dottur færa.

56 Meidir: maður (hálfkenning).  
57 Rist mens: kona.

9. Spracka<sup>58</sup> þackar spenner horns<sup>59</sup>  
spioll og bod med tiggia  
ryrer skyrer rinde þorns  
reckx<sup>60</sup> huad hann vill þiggia.

58 Sprakki: kona.  
59 Spennir horns: Hrólfur er hér  
kenndur við horn sitt, sbr. Björn  
Karel Þórólfs-son, *Rímur fyrir*  
1600, 181.  
60 Rýrir rekks á væntanlega að vera  
mannkenning.

10. Brand til handa beide eg mier  
budlungs dottur færa  
suerd mun verda seigeg þier  
snötum þungt ad hræra.

11. Laut j braut til lindar geingur  
loks ad hitta rinde<sup>61</sup>  
þiargar sagde baugs<sup>62</sup> huad dreingur  
beidde menia linde.

61 Hér virðist helst sem svo að laut,  
lind og rindur séu allt hálfkenn-  
ingar fyrir konu.  
62 Ekki er hlaupið að því að fá  
merkingu í orðin ‚þiargar baugs‘.  
Visuorðið skortir innrím og hlýtur  
að vera afbakað.

12. Walla kalla eg visku hanz  
vera sem adrer läta  
brosad er opt ad male manz  
mens<sup>63</sup> og suarar hin kätä.

13. Hitt er<sup>64</sup> kuyttad Hrolfur sie  
hellður vitur j radum  
merkur sterkur og milldur af fie  
mentur snilldar dädum.

14. J giær var eg nær er Gautrex kundur  
gafst sem adrir færri  
laufa klauf hann \*lund<sup>65</sup> j sundur  
lijkt sem birke væri.

15. Flíodid ríoda finn þu skiott  
fenrix garda skerra<sup>66</sup>  
gillding<sup>67</sup> villda eg glod j nött  
gófugum færa herra.

16. Wndann skundar eisu fríð<sup>68</sup>  
einkar talade leinge  
vt med sut þo eigi sie blijd  
audskord fra eg ad geinge.

17. Geitir leitar glæse mals<sup>69</sup>  
grund ad hljfar spille  
þellan fellur þyniar bals<sup>70</sup>  
þegna daudra j mille.

18. \*Dynu<sup>71</sup> synest dreinger þa  
daudir gänga sagu<sup>72</sup>  
þægja<sup>73</sup> og bægia þornana<sup>74</sup>  
þeir er nidre lägu.

63 Skrifað m̄s. Erfitt er að koma þessu heim og saman og þriðja visuorð skortir innrím. Leiðréttá mætti ‚mens og‘ í ‚mengrund‘ eða ‚menþöll‘ en vandséð er hvers vegna þau orð hefðu afbakast svona.

64 Hitt er: hdr. Hittè. Grímur Helgason les ‚Hitter‘ en þá hefði mátt búast við titli yfir t en ekki e. Hann les áfram: ‚kuytt ad‘.

65 \*lund: hdr. lind; laufa lundur = maður.

66 Hér hlýtur að vera sverðskenning en erfitt er að koma henni heim og saman. Björn Karel leiðréttir Fenrix í Fjölnis og hugsar sér að Fjölnis garðar sé skjaldarkenning (Björn Karel Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600, 142*) en eins og hann bendir sjálfur á eru engin önnur dæmi þekkt um slíka kenningu í rímum. Ekki er heldur árennilegt að fá merkingu í ‚skerra‘, sem virðist eindæmaorð. Vænlegra gæti verið að leiðréttá í ‚Fenrix góma sparra‘ og breyta þá ‚herra‘ í ‚harra‘ í fjórða visuorði. Hliðstæða við hvort tveggja er í *Ektors rimum XII.70*.

67 Gilldingur: sverð, sbr. Björn Karel Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600, 130*.

68 Eisu fríð er ófullkomin kvenkenning.

69 Geitir er jötunsheiti; glæsímál Geitis er gull; grund gulls er kona.

70 Þyn er árheiti; Þynjar bál: gull; þella gulls: kona.

71 \*Dynu: hdr. Dynest.

72 Sága dýnu hlýtur að vera kvenkenning og er það óvenjulega að orði komist en raunar ekki illa til fundið um skemmumey. Annar möguleiki er að hér hafi upphaflega verið gullkenning, t.d. hafi ‚drengir‘ verið ‚drákons‘.

73 Þægja: ýta.

74 Þornaná er kvenkenning.

19. Hrædd og mædd kom hringa eik  
heim að fruinnar garde  
riod og möd af runnu leik  
ristil<sup>75</sup> þessa varde.

75 Ristill: kona. Ekki er auðséð hvað  
,runnu leik' á að vera.

20. Sætan mæt er sæmdar giorn  
siklings mæj j hliode  
suannenn fann hinn<sup>76</sup> sara biörn<sup>77</sup>  
seiger | það vænu fliode.

76 Hinn: Þessu orði er ofaukið og  
það gengur ekki upp að sverðið  
finnist hér og svo aftur í vísu 22.  
Geta mætti þess til að hér ætti að  
vera neitun.

77 Sára björn: sverð.

21. Bæde hræða bauga vor  
blod og firdar daudir  
baru sarer bragnar suór  
budust mier af þui nauder.

22. Badar rädast beint vmm kuellid  
brandsins enn að leita  
fundu að stundu fenrix elld<sup>78</sup>  
og færdu gram hinum teita.

78 Fenrix eldur: sverð. Hér virðist  
Fenrix notað sem Óðinsheiti.

23. Frette af lietta filkir ött  
fliod huad þiggia villde  
kióre með hiorue kongurinn fliott  
klæde og lios hinn millde.

24. Kiærann færer kapp þeim  
klædinn biórt af veflum<sup>79</sup>  
skundar sprund til skemmu heim  
en skioldung geymer hellu.

79 Veflum: Þetta virðist vera  
eindæmaorð og rímið er  
ónákvæmt. Óvenjulegur bogi er  
yfir u. Til greina mundi koma að  
leiðrétta í ,vellum' og skilja þannig  
að átt sé við gullbjört klæði.

25. Sijd mun blijd við segge fru  
syna ferd ried enda  
herians feriu hliotum nu  
heim j Suiþiod venda.



26. Giæter mætur gullhrings þóll<sup>80</sup>  
garpurinn Þorer landa  
reckurinn þeckist radin óll  
rindar ægis branda.<sup>81</sup>
27. Versar<sup>82</sup> þessa virðum mætum<sup>83</sup>  
virt var birt að fretta  
halurinn falde<sup>84</sup> hellst vm nætur  
holda kind af lietta.<sup>85</sup>
28. Hrolfur huolfer hornid traust  
hraustur Gautrex arfe  
gaf það af sier gillda raust  
greitt fyrer vopna starfe.
29. Blijdust þijdst bauga norn  
birlar vijnid skiæra  
stærer og færir stiriar horn  
stillis \*vininum<sup>86</sup> kiæra.
30. Hraum vid þraum ad haufde hun ä<sup>87</sup>  
hornid tok ad gialla  
vijkur af slijkku vorunum fra  
veiter ofnis palla.<sup>88</sup>
31. Þorir stöð vid þesse vndur  
þegar varp af hende  
vrar<sup>89</sup> hurar<sup>90</sup> horn j sundur  
hilmer spiotid bendir.
32. Ræsir blæs af reide harpur<sup>91</sup>  
rijkur og suarade vijfe  
j daudans naud er dreingurinsnarpur  
drotter þröngua lijfe.
- 80 Gullhrings þóll: kona. Þetta virðist vera ávarpsliður og eiga við konuna sem hlýðir á rímurnar.
- 81 Rindur ægis branda (gulls): kona. Hér, Þorbjörg drottning.
- 82 Versar: Merking óljós.
- 83 Mætum: Væntanlega villa fyrir ‚mætr‘.
- 84 Faldi: Freistandi væri að leiðrétta í ‚talaði‘.
- 85 Þetta erindi er torskilið og erfitt að sjá til hvers það vísar í sögunni.
- 86 \*vininum: hdr: vinnum.
- 87 Þetta vísuorð virðist óskiljanlegt
- 88 Veitir ofnis palla (gulls): maður. Ofnir er ormsheiti.
- 89 Orðið ‚úrathorn‘ kemur ekki fyrir í *Hrólfis sögu Gautrekssonar* en er hins vegar notað um horn sem gegnir mikilvægu hlutverki í *Sturlaugs sögu starfsama*.
- 90 Húrar: Virðist vera eindæmaorð. Merkingin gæti verið svipuð og í sögnunum hurra og húrra sem þekktar eru í nýrri tíð.
- 91 Harpur: Virðist vera eindæmaorð. Gæti átt að merkja ‚herptur‘.

33. Streingde dreingur sterklígt heit  
 stöð hann óðrum fæte  
 hann skal kanna hilmers leit  
 helldur en birdar sæte.<sup>92</sup>

92 Byrðar sæti: Óljóst.

34. Þorer suor að þarnast skal  
 þegninn dríck og fædu  
 fyr enn spir með fíorue hal  
 frá eg so lukast rædu.

35. Heimann sueimar harla reidur  
 hristir mækis eggja  
 veit eigi sueit huort víjga meidur  
 veg mun síjdann leggja.

36. Aður enn hádist odda fundur  
 á þeim xiiij. náttum  
 frett hef eg þetta að yrde vndur  
 Jra brá það háttum.

37. Tróll frá hollu tiggja langt  
 tóludu menn að væri  
 víjda bíjda vírdar krankt  
 víd frá eg horfa fære.

38. Bendir sendir beiger fleins  
 braut hann þorp og hallir  
 fíjsir hníjsir fram að eins  
 flagdíð hræðast allir.

39. Flíjdu líjdir fleina vínd  
 fólk sá dáudt í hrónnum  
 eíjdir deíjdir vrins kínd<sup>93</sup>  
 eírn veg fíe sem monnum.

93 Úrins kínd: hugsanlega er átt víð  
 nautgripi, sbr. orðið úrarhorn.

40. Fitjar vitjar fenris jödz<sup>94</sup>  
filkers hallar snimma  
dofri<sup>95</sup> ofrar<sup>96</sup> darra hlíodz  
dægri fyr var rimma.

41. Sprettings sette spialld<sup>97</sup> j skiólld  
og spiot vnd sier j gätter  
hóldum völdust heiptar giólld  
helldur enn mijkar satter.

42. Steiper hleiper stiórnu hramms<sup>98</sup>  
stals med heiptar lionum<sup>99</sup>  
vijger hnijga virdar grams  
vals fyrer leiptar siönum.

43. Hundrud vndra holda fimm  
halurinn lidz ad mætte  
rädinn nädu ad reina grimm  
Hrolfs<sup>100</sup> firer þessum vætte.

44. Eingin dreingia jnne dreckur  
oll tok brógd af stille  
kall er valla kóppum þeckur  
knosar<sup>101</sup> hann þeirra ä mille.

45. Annan dag kom flíodzid eitt<sup>102</sup>  
til filkers hallar vitia  
sijndist kind med suerdid breitt  
suóng þar vte sitia.

46. Mær kom nær þa mellu dreingur  
mílding jnne birgde  
skiott og flíott til skemmu geingur  
skyckiu folld<sup>103</sup> og sirgde.

- 94 Fenris jóð: úlfur. Fit (land) úlfs gæti verið vígvöllur.  
95 Dofri er jötunsheiti, hér Þórir. Einnig kæmi til greina að Dofri darra hljóðs (orrustu) ætti að vera mannkennning.  
96 Ofra getur merkt að lyfta en samhengið hér er óljóst.  
97 Sprettingur er jötunsheiti en hvað spjald Sprettings á að vera er ekki ljóst.  
98 Stjarna hramms: gull; steypir gulls: maður.  
99 Þetta vísuorð er torskilið; ljónar eru menn og ef til vill á að taka saman „ljónar heiptar stáls“ og skilja sem hermenn.

100 Hér virðist gert ráð fyrir framburðinum Rólfs. Slíkar norskuslettur finnast sums staðar í rímum.

101 Knosa: lemja.

102 Í þetta vísuorð vantar bæði stuðul og innrím. Ef til vill ætti „annan“ að vera „fagran“.

103 Skikkju fold: kona.

47. Brigdinn<sup>104</sup> hugde eg báru landz  
brima þóllinn<sup>105</sup> sagde  
beite leit eg biarga ranns<sup>106</sup>  
birgd var hóll ad flagde.
48. Joded rioda ódlings bad  
jнна flíod af mætte  
huersu þessu hugdir ad  
hafra tigge<sup>107</sup> þætte.
49. Buss var þussa<sup>108</sup> briniu vardur  
búkurinn järne víjda  
ennid spennir hialmurinn hardur  
hrotte<sup>109</sup> girdur vid síjda.
50. Drosinn líos kuad draugnum þeim  
digrann hring ä arme  
buinn og snüenn vid branda seim  
brudurinn talar med harme.
51. Sorangs<sup>110</sup> voru suartar brijn  
suangur og magur ad líjta  
higg eg biggia<sup>111</sup> hellis síjn  
harmur kunne ad bíjta.
52. Annan suanna ódlings mær  
enn vill kuinnan senda  
mistar<sup>112</sup> vist sem mælum vær  
med skal fædu venda.
53. Ferdar er það flíode bann  
fram til hallar vítia  
tigge liggur og treístist hann  
traudla vpp ad sítia.
- 104 Brigðin: afbrigðin, hin óvæntu umskipti.
- 105 Báru land: sjór; brími (eldur) sjávar: gull; þóll gulls: kona.
- 106 Beítir bjarga ranns: jötunn, hér Þórir, sbr. Björn Karel Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, 172.
- 107 Hafra tiggi (konungur) er tor-skilið. Til forna eru slíkar kenningar hafðar um guðinn Þór.
- 108 Þussa buss (þursa burs): jötna sonar, þ.e. Þóris. Taka á saman svo: Búkurinn þursaburs var víða brynjuvarður.
- 109 Hrotti: sverð.
- 110 Sórangur (stafað Svórangr í *Ordbog*) er jötunn.
- 111 Biggja hellis: hellisbúi, þ.e. Þórir. Hygg eg byggja hellis sýn: [þannig] tel ég útlit jötunsins.
- 112 Mistar vist ætti að vera kvenkenning en erfitt er að sjá hvernig það á að ganga upp.

54. Vella þella<sup>113</sup> vondsligt kuein  
veittu eigi kuad suanne  
þig mun leida ljútid mein  
lox af þessum manni.

55. Víf nam þrifa vist og drick  
vænt ä vrne<sup>114</sup> kallar  
þennann kienner þiasse<sup>115</sup> hrigg<sup>116</sup>  
þegar hann kom til hallar.

56. Renner spennir randa sködz<sup>117</sup>  
reiger ad fliode augu  
ristar<sup>118</sup> nistar halu stodz<sup>119</sup>  
höfudid fyrer baugu.<sup>120</sup>

57. Meyan fleiger horne hart  
hrunde diskur af lofa  
suannann fann og sagde margt  
snötina villde hann profa.

58. Kind er blind enn kongsins nu  
katt ried mæd ad jnna<sup>121</sup>  
veill man heilla vife fru  
vist<sup>122</sup> er horfinn sinna.<sup>123</sup>

59. Skallaz fallaz gefne<sup>124</sup> og gied  
greiner þegar hün heyrde  
sijdann frijdar sagner med  
snöt til hallar keyrde.

60. Seigdu ad bregde þussinn þrä  
þorna eikinn | rioda  
läte kätann ljífe ä  
lofdung suenskra þioda.

113 Vella þella: kona.

114 Úrnir: Aurnir, jötunsheiti, þ.e. Þórir.

115 Þjassi er jötunsheiti, þ.e. Þórir.

116 Hrygg: Vandséð er hvernig skilja á samhengið hér og rímið er ófullkomið.

117 Randa sköð: sverð.

118 Ristar: Hér mætti leiðréttá í Hristar til að fá fram stuðul.

119 Hála er skessuheiti; hálu stöð: úlfar.

120 Visuhelmingurinn virðist óskiljanlegur.

121 Inna: segja

122 Vist þýðir hér veitingar.

123 Sinni: félagi?

124 Skarlats Gefn: kona.

61. Suinn j minne seimanä<sup>125</sup>  
 slijka rædu lagde  
 huijt nam lijta hrimenn ä  
 hringa þóll og sagde.

125 Ná (Gná) er gyðjuheiti; seima Ná er kona.

62. Fædu snæde ferligt troll  
 framur er Hrolfur ä lijfe  
 gretter leit vid gullhrings þóll  
 glotte þuss ad vijfe.

63. Skijre hin dýra skorda gullz  
 skioma<sup>126</sup> talade beiter  
 grimma rimma gieck til fullz  
 Gautrex syne huad veiter.

126 Skjómi: sverð; skjóma beitr: maður.

64. Lifer hinn þrifne sikling siä  
 settur j grof suo myrkua  
 hellu fella hóldar ä  
 harla þunga og styrkua.

65. Brædur fædir budlungs mæ  
 benia skins<sup>127</sup> og dæder  
 henne kienna holdar nær  
 heidurinn sinn og näder.

127 Benja skins: óljóst, e.t.v. sverðs-kenning.

66. Suinna finna seimagrund  
 sagdist Þorer vilia  
 sotte ött ä suannans fund  
 seima æske þilia.<sup>128</sup>

128 Seima æskipilja: kona.

67. Kuellid var helldur er kurteist vijf  
 kom til Þorirs fundar  
 beggia seggia birtast lijf  
 brudur ad grofinne skundar.

68. Óðrum \*naudru<sup>129</sup> eidir bings  
arme skaut vid steine<sup>130</sup>  
\*leigjar<sup>131</sup> fleiger landa hrings  
lestir<sup>132</sup> folldar beine.<sup>133</sup>

69. Onguer slongua óflger xij.  
ytar þessare hellu  
leisir þeisir lijdir Hrölf  
lox af bauga þellu.<sup>134</sup>

70. Agnars fagnar óllum þeim  
alma þorn med bljdu  
beidir leidir bragna heim  
baugs enn liette strijdu.

71. Mætum bætist mein og pijn  
milldings kóppum sniollum  
heptist aptur hrosta vijn  
härs<sup>135</sup> j visku póllum.

## Fiorda Hrölf's rijma

### IV.

1. Þrisuar framda eg þundar vijn  
vmm þegna hag  
frialsast mun þui fræda smijd  
vmm fiorda brag.

2. Jrlanz kongur er jnn j holl  
og allmióg suelltur  
skatnar hrædast skrämlig tróll  
og skiolldurinn smelltur.

3. Þorer spurde þeingils meý  
ä þennan hätt  
frete hann af þundar þey<sup>136</sup>  
er þeir hafa ätt.

- 129 \*naudru: hdr. naudum.  
130 Eyðir \*nøðru bings (gulls) skaut  
öðrum armi við steini.  
131 \*leigjar: hdr. leiger.  
132 Lestir \*leygjar (elds) landa  
hrings (sævar) = maður. Eldur  
sævar er gull. Lestir gulls er  
maður.  
133 Foldar bein: steinn. Lestir  
\*leygjar landa hrings fleygir  
foldar beini = maðurinn fleygir  
steininum.  
134 Bauga þella: kona. Þriðja vísuorð  
er myrkt.

135 Hrosta vín Hárs: skáldskapur.

136 Þundar þeyr: orrusta.

4. Wijfid sagdi vaskare menn  
kann varla fá

þeirra vorninn ríður og renn<sup>137</sup>  
sem reinast mä.

137 Ríður og renn: Þetta orðasamband er einnig að finna í *Geðraunum*, *Sturlaugs rímum* og *Ektors rímum*. Í hinum rímum er það ‚frægðin‘ sem ríður og renn.

5. Kongur vor gíorer koppum grand  
med kíjnge filldur

þu hefur verid vmm þetta land  
af þegnum trilldur.

6. Kappinn suarade kuendid lösa

kienne eg mig

hier munu eckj allir kíösa

ord ä sig.

7. Nu ertu enn kuad niflungs vijfid

næsta skiædur

hue skal endast hilmes \*lijfid<sup>138</sup>

ef halurinn rædur.

138 \*lijfid: hdr. vijfid.

8. Þorer ansar þornagrund

þa suo fellt

þann fæ eg vijst hinn harda hund

til heliar suellt.

9. Wijfid suarade vielum suipt

er virda gledur

madur hefur sä mikla skript

ä mijnum fedur.

10. Vægid honum fyrer vora bæn

og vertu eigi stiggur

mun þä eignast meire | sæmd

þinn madurinn diggur.



11. Vilier þu Ásmund elska heitt  
sem eigin mann  
þier skal allt af vilia veitt  
sem verda kann.

12. So er kominn ä seggia valld  
ad sagde frü  
oss mun verda giptu gialld  
ef gleymum nu.

13. Fleyri talar hun frigdar ord  
en faum það greint  
virdum birlar veigaskordin<sup>139</sup>  
vijnid hreint.

139 Veigaskorð: kona.

14. Holda giorer fra harme spenna  
huorskins glaumur  
annan veg skal rógnis renna  
rösar straumur.<sup>140</sup>

140 Rógnis rósar straumur: skáld-  
skapur. Rós getur merkt bikar,  
sbr. *Ordbog*.

15. Þorbiorg sat nu þeige kþr  
er Þorer huarf  
vijfid biost þä vijst sem fyr  
j vopna starf.

16. Gófuga menn j garda sende  
gullas vór<sup>141</sup>  
Kietil ad hitta enn hiartad kiende  
harma fór.

141 Gullas (gullhlaðs) Vör: kona.

17. Skeidum hratt ä skeliungs frön<sup>142</sup>  
sä skjirdar dreingur  
farna seiger hann firda von  
ef frestast leingur.

142 Skeljungs frón (land hvalsins):  
hafid.

18. Jngialldur kom austanad  
ä æis dijr<sup>143</sup>  
dige nu huor sem drottning bad  
kuad dreingurinn skjir.

143 Ægis dýr: skip.

19. Dógling sotte daga sem nætur a  
drösar fund  
sikling fra eg ad siglir mætur  
j samre stund.

20. Fundust þesser frægdar menn  
og fromdu tal  
bádir lietust buner senn  
ef beriaast skal.

21. Hilmers segl fra hünun nidur  
ad huorge sijgur  
buist nu huer sä bragna vidur  
er best er vijgur.

22. Þorbiorg gaf þa þackar ord  
ä þeirra snilld  
hæfer nu kuad hringa skord  
ad hefnd sie gilld.

23. Sannliga var þa seggium tueim  
sijnt til midz  
früinn var sialf j ferd med þeim  
og fiolde lidz.

24. Reina þeir fyrer ræsis ord  
reipid huert  
ólldur geingu a jmis bord  
og allt vm þuert.

25. Fluga þotte flaustur vm hver<sup>144</sup>  
þar fridurin brestur  
ytar komu med allann her  
til Jrlandz vestur.
26. Kappar lógdu ä kongsins hófn  
og kiendu skeidur  
Kietill bad vackta virða biörn<sup>145</sup>  
og var þo reidur.
27. Kietill var ei til orða seinn  
vid ódlings jöd  
eg vil rada atferd einn  
og allre þiod.
28. Brennum land og britium þiod  
og berium allt  
fillum suo af fenris jöd<sup>146</sup>  
og folkid sniallt.
29. Þessa látte þegna gielldur  
þeingils kuon  
þä mun verða hernum helldur  
harma trön.<sup>147</sup>
30. Geingu þeir med grimma lund  
j glæsta borg  
bukar þocktu breida grund  
bæi<sup>148</sup> og torg.
31. Vijst ma bæde vine og frændur  
vegna siä  
hinn verður opt ad hreiste kiendur  
er hefna mä. |
- 144 Hver: sær, sbr. Björn Karel Þórólfsson, *Rímur fyrir 1600*, 106–107.
- 145 Virða björn hlýtur að eiga að vera skip en í því er varla heil brú. Björn Karel leggur til að leiðrétta í ‚vimra björn‘ (*Rímur fyrir 1600*, 153) en ekki verður séð að ‚vimra‘ komi fyrir í rímum. Vænlegra væri að leiðrétta í ‚voða björn‘; þannig er skip kennt í *Mágus rímum* II.72.
- 146 Fenris jöd: úlfur.
- 147 Harna trón: harmur (nafnorðs- aukning, blómað mál). Trón merkir háseti.
- 148 bæi: skrifað bæ<sup>1</sup>

32. Fallinn sie hier fiolda hersins  
fir og nær  
sie eg ei líjkt til lofdungs þess  
sem leitum vær.

33. Herinn allur grimdar geistur  
gapte j mot  
verdur eigi vr heliu leistur  
higginn snot.<sup>149</sup>

149 Hér vantar stuðul.

34. Kappar lijta kongsins gard  
og kiendu hóll  
fríjdlig skiemma fyrer þeim vard  
ä fógrum vóll.

35. Brennum þesse bæde hus  
og berum ad tundur  
vinda herinn vijga füs  
og vegge j sundur.

36. Ofeigum kiemur ei ólld j hel  
og er það mællt  
segger skilldu siäst vm vel  
og sijna eigi fælt.<sup>150</sup>

150 Að sýna eigi fælt hlýtur að merkja  
að sýna ekki hræðslu.

37. Bragnar kinda bäl suo hätt  
og birta glædur  
míllding spir vmm midia nätt  
huor manna rædur.

38. Nu er það birt kuad budlungs jöd  
er bar fyrer mig  
sä er nu kominn med fræga þiod  
ad frelsa þig.<sup>151</sup>

151 Hér vantar stuðul.

39. Stiller ried ad stockua vt  
og sterkleik herdur  
feinginn mun þeim flestum sut  
er fyrer honum verdur.

40. Vjsir ljitur vaskann mann  
og vegur suo tijdt  
hóndum greip hann holdinn þann  
og helldur strijdt.

41. Hneiger<sup>152</sup> hialm enn kurteis sprundid 152 Hér vantar stuðul. Ef til vill hefur  
klappar mót skáldið talið að \*kneigir væri forn  
vopnum fleiger ä vjda grund mynd.  
su vænlig snöt.

42. Giæsku fann er giort var bäl  
og grimligt strijd  
þetta er eckj ä þann veg mäl  
kuad þorna hlijd.<sup>153</sup> 153 Þorna hlíð: kona.

43. Hugda eg ad hefna þijn  
og hepta suig<sup>154</sup> 154 Svig: ósigur.  
alldre var þad ætlan mijn  
ad angra þig.

44. Sæker þetta suinna dreinge  
sagde hann  
raunar þarf eigi reina leinge  
róskuann mann.

45. Oss mun þetta orda gialfur  
ónguo tia  
dijran seigdu dógling sialfur  
dominn ä.

46. Filkir vard þá feigin og gladur  
er fann þau oll  
huor kuedzt buinn budlungs madur  
ad brenna holl.

47. Budlungs dottur bljdu næfur<sup>155</sup>  
bannar það  
Kietell var möte ödur og æfur  
j annann stad.

155 Blíðu næfur: blíða, sbr. Björn  
Karel Þórólfsson, *Rímur fyrir*  
1600, 206.

48. Ecka var þar efnis feingur  
vmm alla nätt  
þeigia mun eg og þilia eigi leingur  
þennan hätt.

## Fimta Hrolfs

V.

1. Týrs skal renna tappa rijn vmm  
tanna gliufur<sup>156</sup>  
fiolnis vijn skal föstrenn liufur<sup>157</sup>  
fara til þijn og kuædis stufur.

156 Skáldskapurinn skal renna um  
munninn.

157 Föstrinn ljúfur: Þetta hlýtur að  
vera einn af áheyrendum eða við-  
takendum rímunnar.

2. Wirdar slögu vidris grand<sup>158</sup>  
vmm vjirs rann  
huer fra eg nær er höllinn brann  
hræddann giorde margan mann.

158 Viðris grand hlýtur að vera eldur  
en heldur gengur það illa upp. Má  
vera að upphaflegt sé ‚viðarins  
grand‘.

3. Gumna bidur hann gönga vt þá  
giordist stir  
briota vpp hinu breidu dýr  
burt er tróll sem þar var fir.

4. Skotnum hefur sä skelk j bringu  
skiolddurinn sett  
launa eg stundum lægre prett  
listum er óllum af mier flett.

5. Oss mun varla verða vr | minne  
villann su  
fyre skal eg enn fljia nu  
falla daður ä mijna tru.

6. Budlung leit þa broður sinn með  
blodgar hendur  
einka fätt vid stiller stendur  
stadurinn giorest nu all miog  
brendur.

7. Suannenn bad fyrer sijnum fedur  
sinnu giæddur  
hann er ordinn ærid hræddur  
jnne birgdur af hüngre mæddur.

8. Fyrre leista eg filkirs naud enn  
fóður mijns hrigd  
beri nu eigi ä brudi bligd  
bragna vin fyrer sijna digd.

9. Hrolfur seiger ad hennar ord  
skule hialpa þeim  
gioreg þad ei fyrer gull nie seim  
geijse vijdt þad spirst vmm heim.

10. Kaup er þesse kuenna mäl er  
klandra oss  
mektum eigi suo menia hnoss<sup>159</sup>  
ad minkist ytum stäla foss.<sup>160</sup>

159 Menja Hnoss: kona.

160 Stäla foss: orrusta.

11. Bragning var sa bundinn leiddur  
er brógdinn vann  
hóldar bädu ad heingia hann  
huor veit slijkann galldra mann.

12. Kietell suarar og kallar hátt þar  
kinlig vndur  
lofdung skilde lima j sundur  
licktast þannen stála fundur.

13. Hrolfur bad þá blýðann verða  
barma<sup>161</sup> sinn  
næsta er suo nafne minn  
nockud hægst vmm kostinn þinn.

161 Barmi: bróðir (hér: fóstbróðir).

14. Asmund suarar og ódling stod  
þa einkar nær  
rettast skal þegar rümid fær  
rijkann herran kügum vær.

15. Lofdung muntu litlu kaupa lijfid  
þitt  
villtu leggja ä valldid mitt  
vegligt sprund og rikid fridt.

16. Ljrtid mun eg kuad lofdungs  
brödurin leggja vidur  
kongsins nafne kaste hann nidur  
kaupist ella huorge fridur.

17. Jrlanz kongurinn ongu giorde  
ansa ä möt  
fastnar Asmund frida snöt  
fruinnar gladdist bljdu röt.

18. Ytar feingu fulla sæmd er fruenn  
var gipt  
gripanna fiolda og gullen skipt  
giórla var med óllu suipt.



19. Eingin þackar jrskum monnum aud  
nie vijn  
þeirra kongur er þrunginn pijn  
þottist hractur af eigu sijn.

20. Wirdar kuadu valla kongin verre  
fäst  
alldre bad hann þa optar siäst  
eckj skal til þessa liast.

21. Skjrer hielldu skatnar heim til  
Skotlandz nu  
veglig munde veislann su  
voru jnne brudkaup þriu.

22. Sijdann sest ad sijnri riki seggia  
huer  
dugga óls enn dreggin sier  
dicktan su til enda fer.

## HEIMILDASKRÁ

## HANDRIT

*Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík*

AM 605 4to (*Selskinna*)

AM 604 4to (*Staðarhólsbók*)

AM 146 a 8vo

Uppskrift Gríms Helgasonar af texta Hrólfs rímna í AM 146 a 8vo

*Stokkhólmur, Konunglega bókhlaðan*

Perg. 22 4to (*Krossnessbók*)

Perg. 23 4to

*Herzog August Bibliothek, Wolfenbüttel*

Codex Guelferbytanus 42. 7. Augusteus 4to (*Kollsbók*)

## FRUMHEIMILDIR

*Hrólfs saga Gautrekssonar. Í Zwei fornaldarsögur (Hrólfs saga Gautrekssonar und Ásmundarsaga kappabana) nach Cod. Holm. 7, 4to. Útg. Ferdinand Detter. Halle: Niemeyer, 1891.*

*Rímnasafn: Samling af de öldste íslandske rimer. Útg. Finnur Jónsson. 2 bindi. Kaupmannahöfn: S. L. Møller, 1905–12.*

*Rímnatal. Útg. Finnur Sigmundsson. Reykjavík: Rímnafélagið, 1966.*

*Hrólfs saga Gautrekssonar. Í Fornaldarsögur Nordrlanda eptir gömlum handritum. Útg. Carl Christian Rafn. 3. b. Kaupmannahöfn: [án útg.], 1830.*

## FRÆÐIRIT

Aðalheiður Guðmundsdóttir. Inngangur að *Úlfhams sögu*. Rit. 53. b. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 2001.

Bampi, Massimiliano. „The King in Rhyme: Some Observations on Ólafs ríma Haraldssonar as a Reworking of Snorri's Óláfs saga helga.“ *Filologia Germanica* (2012):49–65.

Björn Karel Þórólfsson. *Rímur fyrir 1600*. Safn Fræðafjelagsins. 9. b. Kaupmannahöfn: Hið íslenska fræðafélag, 1934.

Finnur Jónsson. *Den oldnorske og oldislandske litteraturs historie*. 3. b. 2. útg. Kaupmannahöfn: Gad, 1924.

———. *Ordbog til de af Samfund til udg. af gml. Nord. litteratur udgivne rímur samt til de af Dr. O. Jiriczek udgivne Bósarímur*. Kaupmannahöfn: Carlsbergfondet, 1926–28.

- Guðrún Nordal. *Tools of Literacy: The Role of Skaldic Verse in Icelandic Textual Culture of the Twelfth and Thirteenth Centuries*. Toronto: University of Toronto Press, 2001.
- Haukur Þorgeirsson. *Hljóðkerfi og bragfræði: Stoðhljóð, tónkvæði og önnur úrlausnarefni í íslenskri bragsögu ásamt útgáfu á rímum af Ormari Fraðmarssyni*. Doktorsritgerð, Háskóli Íslands, 2013. Ritgerðin er aðgengileg á [http://notendur.hi.is/~haukurth/Hljodkerfi\\_og\\_bragkerfi.pdf](http://notendur.hi.is/~haukurth/Hljodkerfi_og_bragkerfi.pdf). Sótt 1. apríl 2015.
- . „Þóruhljóð og Háu-Þóruleikur.“ *Gripla* 22 (2011):211–227.
- Hughes, Shaun. „Late Secular Poetry.“ Í Rory McTurk, ritstj. *A Companion to Old Norse-Icelandic Literature and Culture*, 205–222. Oxford: Blackwell, 2005.
- Jóhanna Katrín Friðriksdóttir. „[H]ygginn ok forsjal’: Women’s Counsel in *Hrólfss saga Gautrekssonar*.“ Í Martin Arnold og Alison Finlay, ritstj. *Making History: The Legendary Sagas*, 69–84. London: Viking Society for Northern Research, 2010.
- . *Women in Old Norse Literature: Bodies, Words, and Power*. The New Middle Ages. New York: Palgrave, 2013.
- . „Ideology and Identity in Late Medieval Northwest Iceland: A Study of AM 152 fol.“ *Gripla* 25 (2014):87–128.
- Jón Þorkelsson. *Om digtningen på Island i det 15. og 16. århundrede*. Kaupmannahöfn: Høst, 1888.
- Kalinke, Marianne E. *Bridal-Quest Romance in Medieval Iceland*. *Islandica*. 46. b. Ithaca: Cornell University Press, 1990.
- Ordbog over det norrøne prosasprog: Registre*. Kaupmannahöfn: Den Arnamagnæanske kommission, 1989.
- Ordbog over det norrøne prosasprog*. Kaupmannahöfn: Den Arnamagnæanske kommission, 1989—.
- Ólafur Halldórsson. *Inngangur að Vilmundar rímum viðutan*. Íslenzkar miðaldarímur. 4. b. Rit. 6. b. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1975.
- . *Inngangur að Bósa rímum*. Íslenzkar miðaldarímur. 3. b. Rit. 5. b. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi, 1974.
- . *Grænland í miðaldaritum*. Reykjavík: Sögufélag, 1978.
- Sif Ríkhardsdóttir. „Meykóngahæfðin í riddarasögnum: Hugmyndafræðileg átök um kynhlutverk og þjóðfélagsstöðu.“ *Skírnir* 184 (2010):410–433.
- Svanhildur Óskarsdóttir. „Flateyjarbækur: Af Guðrúnu Ögmundsdóttur og öðrum bókavinum Árna Magnússonar í Flatey.“ Í Rósa Þorsteinsdóttir, ritstj. *Handritasýrpa: Rit til heiðurs Sigurgeiri Steingrímssyni sjötugum 2. október 2013*, 65–83. Rit. 88. b. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, 2014.
- Sverrir Tómasson. „Hlutverk rímna í íslensku samfélagi á síðari hluta miðalda.“ *Ritið* 5 (2005):77–94. Birtist á ensku sem „The Function of Rímur in Iceland during the Late Middle Ages.“ Í Jürg Glauser, ritstj. *Balladen-Stimmen: Vokalität als theoretisches und historisches Phänomen*, 59–74. Beiträge zur Nordischen Philologie. 40. b. Tübingen og Basel: Francke, 2012.

- . „Rímur og aðrar vestfirskar bókmenntir á síðmiðöldum.“ *Árbók Sögufélags Ísfirðinga* 43 (2003):164–169.
- . „Stráklegur list mér Skíði.“ Skíðaríma, íslenskur föstuleikur?“ *Skírnir* 174 (2000):305–320.
- . „Nýsköpun eða endurtekning? Íslensk skáldmennt og Snorra Edda fram til 1609.“ Í Sverrir Tómasson, ritstj. *Guðamjóður og arnarleir: Safn ritgerða um eddulist*, 1–64. Reykjavík: Háskólaútgáfan, 1996.
- Torfi H. Tulinius. *The Matter of the North: The Rise of Literary Fiction in Thirteenth-Century Iceland*. Þýð. Randi C. Eldevik. Óðinsvé: Odense University Press, 2002. Fyrsta útg. *La Matière du Nord: sagas légendaires et fiction dans la littérature islandaise en prose du XIIIe siècle*. Paris: Presses de l'Université de Paris-Sorbonne, 1995.
- Vésteinn Ólason. „Kveðskapur frá síðmiðöldum.“ Í Vésteinn Ólason, ritstj. *Íslensk bókmenntasaga*, 2:285–378. 2. útg. Reykjavík: Mál og menning, 2006.
- . „Kveðið um Ólaf helga. Samanburður þriggja íslenskra bókmenntageirna frá lokum miðalda.“ *Skírnir* 157 (1983):48–63.
- . „Nýmæli í íslenskum bókmenntum á miðöld.“ *Skírnir* 150 (1976):68–87.

## SUMMARY

The *Rímur* of Hrólfr Gautreksson.

**Keywords:** *Hrólfs rímur Gautrekssonar*, *Hrólfs saga Gautrekssonar*, ballads, late medieval literature, legendary sagas, bridal quests.

*Hrólfs rímur Gautrekssonar* are *rímur* (a metrical romance) in five fits, 263 stanzas in total, based on the second half of the legendary saga *Hrólfs saga Gautrekssonar*. These late medieval *rímur* are set in England and Ireland and relate the adventures of Hrólfr Gautreksson, king of Sweden, and his companions, especially Þórir ‘Iron-shield’. The *rímur*, a versification of the saga, are only preserved in one manuscript, AM 146 a 8vo, a slightly defective paper codex written in Flatey in Breiðafjörður in the first half of the seventeenth century. Five post-medieval ballads of the same story are extant, which suggests that the story of Hrólfr and his friends and foes was extremely popular in Iceland both in verse and prose form throughout the ages.

This anonymous metrical romance, which probably follows *Hrólfs saga*’s shorter redaction, is here dated to ca. 1500 on linguistic grounds. This article discusses its manuscript preservation, metre, style, language, and content, and situates it within the wider literary and socio-historical context in Northwest Iceland in the late medieval period. Finally, the article presents a diplomatic edition of the *rímur*.

*Jóhanna Katrín Friðriksdóttir*  
*Marie Curie fræðimaður við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og*  
*Harvardháskóla*  
*Árnagarði við Suðurgötu*  
*IS-101 Reykjavík*  
*jkf@hi.is*

*Haukur Þorgeirsson*  
*Rannsóknarlektor við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum*  
*Árnagarði við Suðurgötu*  
*IS-101 Reykjavík*  
*haukurth@hi.is*